

STARA

Rit Sambands íslenskra myndlistarmanna





4&5

*Hversdagsævintýri um
hugarfarsbyltingu*

Eirún Sigurðardóttir



6&7

(S.O.S. = MAYDAY)

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur



8-15

Hús myndlistar!

Ástríður Magnúsdóttir



16-19

Marshallhúsið

Ellert Björn Ómarsson



20&21

*Maðurinn í
náttúrunni*

Margrét Elísabet Ólafsdóttir



22&23

Safnasafnið

*Harpa Björnsdóttir og
Unnar Örn*



24&25

Peningana eða lífið

Kristín Ómarsdóttir

NR 8, 1.TBL, 2017



26&27

Tvær Skissur

Kristján Steingrímur



28&29

Gestavinnustofan

Annabelle von Girsewald



30-35

*Viðtal við Vigdís
Jakobsdóttur*

Hlynur Helgason



36-39

*Svona verður framtíðin,
hvernig komumst við þangað?*

Jóna Hlíf Halldórsdóttir



40-43

*Ólafur Elíasson í
Marshallhúsinu*

Ástríður Magnúsdóttir



44-47

Leikið á tímann

Þórdís Aðalsteinsdóttir



48&49

*Hollráð listamanns sem
hefur eytt fjórtán og
hálfum degi í Berlín*

Heiðís Hólm

Hversdagsævintýri um hugarfars- byltingu

Eirún Sigurðardóttir
myndlistarkona og varaformaður SÍM

Á öskudaginn póstaði ég umræðum á Alþingi þar sem kjör og staða myndlistarmanna voru rædd. Þrír aðilar lækuðu. Hver nennir líka að læka svona leiðindi? En þegar það er gaman vilja ýmsir passa í spariskóna okkar, vera myndlistarmanneskja á tyllidögum, en þegar við tinum upp baunirnar eru færri sem vilja troða sér í vinnuskóna okkar.

Okkur myndlistarfólkinu tekst samt oft ótrúlega vel að halda haus og að búa til hinar fínustu súpur úr þessum baunum á meðan við trúum á myndlistina því að trúin flytur fjöll. En svo kemur að því að Öskubuskan innra með okkur vill fá að sitja við sama borð og aðrir. Hún vill fá greitt fyrir vinnu sína.

Öskubuska hefur nefnilega frétt að það viðgangist í öðrum listgreinum að fólk fái raunveruleg laun fyrir vinnu sína. Hún hefur t.d. frétt að sviðslistafólk sem vinnur að sýningum fyrir Þjóðleikhúsið fái laun á undirbúnings-, æfinga- og sýningartímum. Að tónlistarfólk sem vinni fyrir Sinfóníuhljómsveitina og Íslensku óperuna fái líka borgað og að myndlistarfólk sem vinni sviðsmyndir fyrir þessar sömu stofnanir fái einnig greitt fyrir vinnu sína auk þess sem efniskostnaður sé borgaður í topp og ýmislegt fleira borgað sem viðkemur uppsetningu sviðsmyndarinnar. En hún veit að þegar þetta sama myndlistarfólk vinnur fyrir myndlistarstofnanir eru kjörin allt önnur og vandræðalega lakari.



Skór, 2004. Ljósmynd Eirún Sigurðardóttir.

Hvers vegna er þetta svona?

Listafólk getur selt verk sín, segir vonda stjúpan. En það er engin trygging fyrir því, segir Öskubuska og reynir að standa upprétt. Það á einfaldlega að greiða fyrir þá vinnu sem er unnin. Punktur. Eða það er það sem hana langaði til þess að segja - og svo hefði hún viljað bæta við: „Það kemur vinnuveitandanum ekkert við hvort ég hafi fengið styrk, hafi selt verk, leikið í auglýsingu, tæmst arfur eða hvernig fjárhagsstaða mín er að öðru leyti. Ég vil bara fá borgað eins og aðrir ef mér hlotnast sá heiður að vinna fyrir opinbera aðila. Söfnin okkar allra, þar sem unnið er af þekkingu og fagmennsku og þar sem allir fá greitt nema myndlistarmaðurinn sem fær aðeins

málamyndaþóknun ef hann er heppinn.”

Nú fellir Öskubuska lítið tár og vonast til þess að dúfurnar komi fljúgandi með eitthvað fallett handa henni eða kannski einhverja næringu. Eða í það minnsta smá auka-baráttuanda til að dreifa meðal myndlistarmanna svo þeir geti orðið aðeins leiðinlegri og krafist þess af fullri hörku að opinberir aðilar greiði myndlistarfólki alvöru laun fyrir þá vinnu sem þeir bjóða þeim.

Samanburðurinn við aðrar listgreinar er mikilvægur í kjarabaráttu okkar myndlistarfólksins en þá fer dýrðaljóminn að fölna mjög yfir hinni listrænu fátæktargildru sem myndlistarstarfið oft á tíðum er og

það rennur upp fyrir hinni dugandi myndlistarmanneskju að staða hennar er svipuð og leikhúsfólks fyrir rúmum 70 árum, að fá ekki eða afar lítið greitt fyrir vinnu sína.

Hér þarf hugarfarsbyltingu hjá okkur öllum. Þetta er ekki í lagi.

Þess vegna er framlagssamningurinn sem Samband íslenskra myndlistarmanna hefur unnið að svo óendanlega mikilvægur. Hann miðar að því að við myndlistarfólk getum einbeitt okkur að þeim verkefnum sem við erum fengin í án þess að þjást af afkomuótta á sama tíma, því slíkt er ekki ávisun á besta árangurinn eða framsæknustu listina.

(S.O.S. = Mayday)

Vinnustofuinnlit til Söru og Svanhildar Vilbergsdætra

Sara og Svanhildur Vilbergsdætur eru systur, fæddar á Ísafirði 1956 og 1964, sem mála tvíhent á striga, þ.e.a.s. málverkin vinna þær í sameiningu í öllu ferlinu frá hugmynd til framkvæmdar. Þær eru báðar útskrifaðar úr málaraeild Myndlista-og handíðaskóla Íslands (Sara 1985, Svanhildur 1994) en byrjuðu sitt samstarf árið 2010 eftir að hafa áður unnið hvor í sínu lagi.



Í neðsta. Málverk, 100x120cm. 2016. Ljósmynd Kristín Bogadóttir.



Sara og Svanhildur að mála Homage með fromage (Monet)

Aðspurðar segja þær innblásturinn koma héðan og þaðan, kannski mest frá „hversdagsleikanum“ sem lífið snýst jú líklega hvað mest um! „Eins og John Lennon sagði: „Life is what happens to you while you’re busy making other plans!“ Annars leitum við fanga í listasögunni og mannkynssögunni, dægurmálunum og pólitíkinni, veðrabrigðunum, samskiptunum og sálarkirnunum svo eitthvað sé nefnt. Hversdagslífið er samt alltaf safaríkast og oft lygilegra en skáldskapur,“ segja þær systur. „Segja má að við vinnum frá því persónulega yfir í hið almenna. Við segjum sögur.“

Hugmyndavinna?

Við veltum hugdettum okkar á milli, oft í gegnum síma til að byrja með, en færum þær svo upp á vinnustofu, söfnum að okkur gögnum, tókum ljósmyndir, gúglum heil ósköp, hefjumst svo handa við að klippa allt saman og koma því á strigann. Eftir það getur allt gerst og myndin verið að breytast í ferlinu sem tekur við.

Vinnustofan?

Við leigjum bjarta og fallega vinnustofu á Korpúlfsstöðum, sem eru auðvitað alveg kapituli útaf

fyrir sig. Öll sú saga og menning sem fylgir þessu fallega húsi hefur heilmikil jákvæð áhrif á okkur sem þarna vinnum. Þarna er lifandi andrúmsloft og sagan beinlínis talar út úr veggjunum sem eru til allrar hamingju lausir við að vera spikk og span og hornréttir. Við erum staðsettar þar í húsinu sem kýrnar stóðu í básum áður fyrr og ekki laust við að heyra megi óm af bauli annað veifið, nema það sé hljóð úr flóknum vatnsleiðslum sem liðast eftir veggjum vinnustofunnar. Allra helst vildum við vera þarna mun meira, en vinnan fyrir salti í grautinn tekur sitt pláss í tilverunni og eins og fleiri lifum við alltaf í voninni um breytingu þar á. Þörfin til að búa til myndir, segja sögur og útvarpa upplifun okkar á lífinu er okkur í blóð borin og virðist ekkert vera að yfirgefa okkur í bráð.

Hvað er SÍM fyrir ykkur?

Samband íslenskra myndlistarmanna eru mikilvæg hagsmunasamtök sem halda utan um ýmsa praktíska hluti, s.s. útleigu á vinnustofum og upplýsingar um gestavinnustofur erlendis, og láta þar að auki til sín taka í umræðunni í samfélaginu um réttindamáл myndlistarmanna.

Hvaða verkefni eru framundan?

Það er allt að gerast. Eins ólíkar og við höfum alltaf verið og þrátt fyrir að við rifumst endalaust eins hundur og köttur, þá endum við samt alltaf á löppunum eins og kettirnir með sín níu líf og höldum ótrauðar áfram. Við köllum samvinnu okkar „Sistory“ og skammstöfum okkur sem S&S (S.O.S. = Mayday) ... hversdagslífið og dramatíkin eru eitt. Nýverið var önnur okkar í Madríd og fór m.a. á Prada safnið, kom svo til baka heilluð af upplifuninni þar og er strax byrjuð að miðla henni til hinnar. Upp úr slíku kemur gjarnan ferskt blóð í hugmyndavinnuna, ferskir litir og persónuleg pensilstrok. Glansandi sterkir litir.

Mottó:

Að fólk fái að vera eins og það er.

Áhrifavaldarnir

... eru óendanlegir ... allt of margir til að taki því að byrja að telja upp.

Sem stendur erum við með nokkuð stóra sýningu í Listasafni Reykjanesbæjar í Duus húsi í Keflavík. Sýningin heitir *Úlfatími* og stendur til 23. apríl. Það eru margar hugmyndir á lofti varðandi verkefni framundan.

Hús myndlistar!

Ástríður Magnúsdóttir

Marshallhúsið, ný miðstöð menningar og lista hefur verið opnuð úti á Granda í gamla Faxahúsinu í Örfirisey. Í húsinu verður starfrækt heilmikil menningarstarfsemi sem kemur til með að efla menningar- og listalíf í Reykjavík og halda áfram þeirri uppbyggingu sem átt hefur sér stað á Grandasvæðinu undanfarin ár. Til tíðinda þykir að heimsfrægur listamaður á borð við Ólaf Eliasson sé þar til húsa ásamt

Nýlistasafninu og Kling & Bang. Marshallhúsið mun eflaust verða viðkomustaður margra ferðamanna sem og heimamanna enda húsið fallegt og iðandi af myndlist og lifandi starfsemi. Á efstu hæðinni er Ólafur Eliasson með vinnustofu ásamt því að vera með opið stúdíó í suðurenda hússins, á þriðju hæðinni má finna Kling & Bang, Nýlistasafnið hefur aðsetur á annarri hæð hússins og á fyrstu hæðinni er hægt að

njóta matar og drykkja í huggulegu umhverfi hafnarsvæðisins. KurtogPí arkítæktar eiga heiðurinn af hugmynd og hönnun hússins en HB Grandi stóð fyrir endurbótum á húsinu. STARA tók hús á hluta af fólkinu sem hyggst blása lífi í Marshallhúsið, þeim Erling T.V. Klingenberg og Heklu Dögg Jónsdóttur, tveimur af stofnendum Kling & Bang, og Þorgerði Ólafsdóttur, safnstjóra Nýlistasafnsins.



Frá opnun Marshallhússins. Ljósmynd Hjördis Jónsdóttir.



Frá opnuninni í Kling & Bang við verk Berglindar Ernu Tryggvadóttur og Rúnars Arnars Marínóssonar, A study of international objects No.12: Crepes a Movement. 2017. Ljósmynd Hjördis Jónsdóttir.



Erling T.V. Klingenberg, Þorgerður Ólafsdóttir og Hekla Dögg Jónsdóttir við Marshallhúsið. Ljósmynd Birta Rós Brynjólfsdóttir.

Góðan daginn og til hamingju með húsið!

Nú eru þrír dagar síðan þið opnuðu í Marshallhúsi. Eruð þið lent eftir opnun?

Þorgerður Ég held að maður sé bara útkeyrður.

Þetta er fyrsta vikan. Það er kominn þriðjudagur. Þriðjudagur í Marshall!

Hekla Maður er ennþá svolítið hátt uppi. Þetta er ótrúlega gaman og ennþá svolítið óraunverulegt. Starfsemin er vart komin í gang. Þetta er eins og maður hafi sett upp sýningu á nýjum stað, eins og við höfum oft gert. Núna er þetta komið til að vera. Við höfum tilkall til staðarins sem er svolítið merkilegt og það er svolítið óraunverulegt.

Hvenær fluttuð þið inn í húsið og byrjuðu að setja upp?

Þorgerður Það var bara rétt í lok febrúar. Það gekk ótrúlega vel að setja upp.

Hekla Iðnaðarmennirnir voru enn að vinna en að mestu búnir með rýmin sem við vorum að vinna í. Samstarfið gekk mjög vel og „orkan í húsinu er frábær“ segja þau öll í kór.

Hversu mikilvægt finnst ykkur að vera komin með fastan samastað og glæsilegan sýningarsal til næstu ára?

Þorgerður Þetta er mikil breyting. Við höfum haldið úti sýningarstarfsemi í Breiðholtinu síðastliðin tvö ár, þar áður vorum við á Skúlagötu. Þessi tími, þessi 15 ár sem okkur eru gefin hér í Marshall, er jafn langur og tíminn sem er liðinn síðan Nýlistasafnið flutti af Vatnsstíg 3b. Flutningar eru tímafrekir og taka orku sem annars er betur varið í að skipuleggja sýningar. Að vera með skapandi starf á almennum leigumarkaði getur verið vandasamt. Við vorum meðvituð um það að næra ákveðinn jarðveg en eigendur húsanna sem við vorum í voru frekar að hugsa um að hækka fermetraverðið. Hér höfum við óslitinn þráð. Rými til að vera á sama

stað og næra hann án þess að klippt sé á þráðinn reglulega.

Erling Við í Kling & Bang fengum þessi rými á Laugavegi og Hverfisgötu mjög ódýrt vegna þess að þetta voru rými á svokölluðum dauðalista, húsnæði sem stóð til að rífa.

Hekla Okkur leið mjög vel á Laugaveginum. Það ríkti ákveðinn skuggi yfir Skuggahverfinu þegar við fluttum þangað árið 2008. Við vorum ekki fyrr kominn inn á Hverfisgötuna að það var búið að brjóta glugga og stela flatskjám. Það ríkti algjört traust til vegfarandans á Laugaveginum og það var óneitanlega notalegra. Rýmið á Laugavegi var sýnilegt frá götunni. Krakkar drógu foreldra sína inn til að skoða listaverkin. Það var svo gaman. Á Hverfisgötunni var rýmið ekki eins sýnilegt, en við reyndum að skapa meira líf í kringum starfseminna þar með því að leigja út skrifstofuna okkar undir bókabúðina Útúrdúr og Kaffistofuna til Listaháskólans sem nemendagallerí.



Séð yfir hluta sýningarinnar Slæmur félagsskapur í Kling & Bang. Frá vinstri verk Ásgerðar Birnu Björnsdóttur, Leifs Ýmis Eyjólfssonar og verk Hrefnu Harnar Leifsdóttur og Sarah Rosengarten. Ljósmynd Lilja Birgisdóttir.

Erling Bæði rýmin í miðbænum þurftum við að aðlaga að okkur. Rýmin voru þannig að laga þurfti ýmislegt og skítamixa rafmagn. Ég stökk upp á þak til að laga leka. Við fengum þetta mjög ódýrt en það var ekkert gert fyrir húsnæðið ef eitthvað kom upp á. Hér í Marshall þarf ekkert að gera nema að huga að fjármögnun og því sem skiptir mestu máli - myndlistinni. Það er undarlegt og alveg nýtt fyrir okkur að koma hérna inn og það er búið að gera allt. Mér leið næstum eins og ég þyrfti að fara að skítamixa rafmagn til að líða vel!

Hekla Að vissu leyti líður manni eins og gesti. Kling & Bang hefur áður sett upp sýningar í flottum rýmum en samt sem áður erum við von að vinna með sama og ekkert, lélega kastara eða bara enga kastara! Hér þarf ekkert að gera nema að setja upp sýninguna. Áður var allt unnið af vanefnum.

Erling Ég kom aðeins fyrr og sat við vinnu við tölvuna. Mér finnst þetta alveg stórkostlegt að vera og vinna hér, í þessu umhverfi og í nálægð við sjóinn og höfnina. Mér finnst ég vera kominn heim þegar ég sit hérna - enda alinn upp í Hafnarfirði.

Kling & Bang hefur verið húsnæðislaust í rúmt ár, frá september 2015? Hvernig hafið þið nýtt tímann?

Erling Það hefur farið heilmikil vinna í að undirbúa flutning í Marshallhúsið. Við erum búin að vinna í fjármögnun til að reka starfsemina og sú fjármögnun heldur áfram. Við höfum verið að sýna erlendis og taka þátt í verkefnum úti. Einnig höfum við farið í gegnum í myndbandasafnið og gert ýmislegt smálegt sem ekki vinnst tími til þegar mikið er að gera í sýningarhaldi.

Hekla Við höfum líka haft rými til að hlaða batteríin. Það koma allir tvíefldir tilbaka.

Sjáið þið fyrir ykkur miklar breytingar á rekstrinum?


Hekla Óhjákvæmilega verða breytingar. Þetta er mun dýrara rými og meiri yfirseta. Við höfum rekið þetta fyrirbæri á hörkunnni í gegnum árin. Við höfum sjálf staðið vaktina í sjálfböðavinnu og meðfram okkar daglegu vinnu. Þetta er mikið áreiti en gleðilegt engu að síður. Nú er þetta orðið meira og stærra og ekki hægt að ætlast til þess að fólk standi vaktina endalaust óendurgjaldslaust. Kling &

Bang hefur fram að þessu verið rekið algjörlega á eigin vegum og á eigin forsendum. Við höfum verið sjálfstæð að öllu leyti. Þegar við förum í sambúð eins og núna þá breytist það. Við erum til að mynda með lengri opnunartíma til að vera í takt við Nýló og Stúdíó Ólafs. Við erum samt sem áður ennþá listamannarekið fyrirbæri og ekki með fastan starfsmann.

Erling Í raun og veru er það fyrsta sem við stöndum frammi fyrir að fá fastan starfsmann á launum, í fasta yfirsetu og til að halda utan um hlutina. Elísabet Brynhildardóttir var ráðin sem framkvæmdastjóri í þrjá mánuði nú í kringum opnunina, en annars hefur aldrei verið fastur starfsmaður hjá Kling & Bang.

Hekla Við þurfum að slá í takt við aðra í húsinu og þar af leiðandi breytist starfsemin. Það gerist óhjákvæmilega. Það er samt svo fallett að við höfum engu breytt enn þrátt fyrir að vera búin að opna!

Þorgerður Breytingarnar eru verulegar fyrir Nýlistasafnið. Það var stór ákvörðun að fara í Marshallhúsið. Það eru þrír aðilar hérna í húsinu sem allir eru ólíkir en vinna fyrir sömu



Ólafur Lárusson, “-”, “/”, “I” - verkin eru í einkaeigu. Ljósmynd Vigfús Birgisson.

hugsjónina. Allar kostnaðaráætlanir eru í raun skáldskapur fram í tímann. Safnið sér fram á að þurfa að ráða fastan starfsmann sem sér um yfirsetu í 100% stöðu. Það er líka breyting að vera með starfsemi á tveimur stöðum. Við erum búin að skuldbinda okkur með ákveðinn hluta af Nýló í Breiðholti. Safneignin verður þar áfram og þar er rannsóknaraðstaða og sýningarrými sem við viljum nýta áfram. Markmiðið er að halda starfseminni áfram á báðum stöðum en sýningarsalurinn á efri hæðinni í Breiðholti hefur verið leigður út undir nemendagallerí Listaháskólans sem hefur hlotið nafnið RÝMD.

Reykjavíkurborg hefur gert leigusamning við HB Granda um húsaleigu til næstu 15 ára en hvernig verður önnur starfsemi í húsinu fjármögnuð? Verður róðurinn þyngrí?

Hekla Eðlilega því þetta er dýrara. Borgin hefur styrkt okkur í gegnum árin og hefur aukið við það framlag og svona húsi fylgir mikill meðbyr. Reksturinn er á okkar ábyrgð og með því að bjóða okkur í þetta hús er okkur sýnt ákveðið traust. Við verðum að nýta það traust og þann meðbyr sem húsinu fylgir.

Þetta er ekki gróðastarfsemi heldur hugsjónastarfsemi. En hvernig eflir maður eigin fjárhag þegar stefnan er í raun að bjóða upp á allt og gefa allt?

Erling Pressan var áður að finna peninga og vera í föstu húsnæði en núna þurfum við eingöngu að finna peninga og að sjálfsögðu að halda uppi metnaðarfullum sýningum þar sem listamaðurinn þarf einungis að hugsa um að sýna sína list. Ef við þurfum ekki að hugsa um húsaleigu getum við einbeitt okkur betur að því sem skiptir mestu máli; myndlistinni. Hér verður ekki aðgangseyrir enda væri það að breyta kjarna starfseminnar.

Þorgerður Uppleggið er að hér geti allir átt þann kost að njóta listar án þess að greiða fyrir og það er mjög falleg og dýrmæt hugsjón. En hún er kannski ekki endilega raunhæf í þessu umhverfi sem að við búum við í dag, en við reynum samt, mjög þrjóska!

Hekla Þetta er ábyrgðarhlutverk og hugsjónastarf. Á þeim tíma sem Kling & Bang var stofnað þá vissum við að við myndum ekki þrífast nema að það væri svona starfsemi í gangi. Ef enginn tekur það að sér þá gerir

maður það sjálfur. Við vitum það og þess vegna er maður í þessari sjálfböðavinnu, því við vitum að svona starfsemi þarf að vera til. Þetta er mikið frumkvöðlastarf sem bæði Kling & Bang og Nýló hafa unnið.

Þorgerður Við tókum eftir fjarveru mennta- og menningar- málaraðherrans á opnun Marshall- hússins. Það er bara eins og heilbrigðismálaráðherra myndi ekki mæta á opnun nýs anga Landspítalans!

Hvernig sjáid þið samstarfið fyrir ykkur í nýju húsnæði?

Hekla Það hefur alltaf verið ótrúlega hlýtt á milli Kling & Bang og Nýló og alltaf verið góð samvinna okkar á milli. Ef þurfti fleiri kastara eða auka myndvarpa fyrir sýningar þá var bara hlaupið eða hringt á milli. Listahátíðin Sequences hefur líka tengt okkur böndum. Við erum með sameiginlegt forræði yfir Sequences og það samstarf hefur verið gott.

Þannig að þið haldið ykkar góða samstarfi áfram í Marshallhúsi?

„Á sama hátt þurftum við að taka ákvörðun. Við trúðum á kjarnann í starfseminni. Það er ekki sjálfgefið. Við trúðum á að það væri sterkara en allt, sterkara en það sem við höfðum áhyggjur af.“



Úr Slæmum félagsskap. Ásgerður Birna Björnsdóttir, Tveir hnullungar af þoku, (Nærmynd) 2017. Ljósmynd Lilja Birgisdóttir.

Já, alveg pottþétt, segja þau öll samróma.

Kling & Bang og Nýló eru bæði listamannarekin rými. Nýló og Kling & Bang undir sama þaki. Sumir vilja halda því fram að um sama hlutinn sé að ræða. Hverju svarið þið þeim röddum? Er annað gallerí og hitt safn?

Erling Það er heilmikill munur á þessum einingum. Við erum tólf meðlimir í Kling & Bang og sex af þeim eru upprunalegir meðlimir frá 2003.

Hekla Nýló er með 380 manna fulltrúalista sem það þarf að varpa stórum spurningum til á meðan Kling & Bang þarf að svara til 12 manna hóps.

Þorgerður Líftími listamannarekinna rýma er ekki nema tvö til þrjú ár. Nýlistasafnið er líka listasafn sem þarf að lúta ákveðnum alþjóðlegum reglum hvað safnastarf varðar; varðveislu listaverka og aðstöðu. Sá kjarni og sú ábyrgð hafa mótað sögu Nýló og ferð þess gegnum ótal rými. Þar er kosið í stjórn á tveggja ára fresti og hún sér um að taka allar almennar ákvarðanir en ákvörðun eins og að flytja sýningarstarfsemina

í Marshallhúsið, hún var lögð í hendurnar á fulltrúaráðinu.

Erling Já, tvö til þrjú ár. Þannig að þetta er í raun ótrúlegur líftími hjá bæði Nýló og Kling & Bang.

Hekla Kling & Bang er þó ekki eiginlegt gallerí. Við viljum kalla okkur vettvang frekar en gallerí. Við erum með fullt af listamönnum sem við erum að kynna. Við eigum ekki tilkall til okkar listamanna. Ekkert okkar vill gera þetta til að græða á því en við getum selt listaverk ef svo ber undir. Við getum í raun gert það sem okkur sýnist hverju sinni!

Erling Já, við erum vettvangur frekar en gallerí og við búum yfir ákveðnu frelsi.

Þorgerður Nýló og Kling & Bang eiga þetta frelsi sameiginlegt og það liggur fegurð í því. Mesti styrkur Kling & Bang og Nýló er fólkíð sem nennir að gera. Mannauðurinn er ótrúlega dýrmætur. Þetta er viðleitni sem maður vonar að eigi eftir að halda áfram um ókomna tíð. Þetta er kommúna. Marshallhúsið er kommúnun okkar allra.

Þorgerður Það er þörf á að benda á mikilvægi listamannarekinna rýma og hversu mikil áhrif þau hafa haft á listasöguna. Ákveðinn angur sögunnar og verk frá tímum SÚM og fram til 8. áratugarins væru til að mynda horfin ef listamenn hefðu ekki komið upp sínu eigin listasafni. Hver einasta króna sem Nýló fær hefur alltaf verið mjög vel nýtt en við þurfum enn að reiða okkur á stjórnina og frekari sjálfböðavinnu félagsmanna, eins og núna við uppsetningu á verkum Ólafs Lárussonar. Ef að aðeins meiri fjármunum yrði varið í listina og grasrótarstarfsemina myndu samlegðaráhrif listarinnar margfaldast.

Nú eruð þið komin í sambúð með heimsfrægum listamanni, Ólafi Elíassyni. Hvernig leggst það í ykkur?

Þorgerður Ég held að hann sé bara geggjað sáttur við þetta!

Hekla Það er jákvætt að vera með atkvæðamikinn og rómaðan listamann í húsinu. Það er heilmikil jákvæðni og meðbyr sem fylgir húsinu og sem fylgir Ólafi, líkt og hinum íbúum hússins. Þetta hefur gengið mjög vel fyrir sig.



Yfirlitsmynd frá sýningunni Rolling Line - Ólafur Lárusson í Nýlistasafninu. Ljósmynd Lilja Birgisdóttir.

Á meðan allir halda sínu striki og sinna sínu starfi þá á þetta eftir að ganga vel.

Erling Þetta er dans á báða bóga. Við í Kling & Bang höfum sýnt eldri mjög þekktu alþjóðlega listamenn í bland við unga óþekktu. Ólafur dregur að fólk en svo sér fólk eitthvað annað líka. Svo munu sýningar og listamenn í Kling & Bang og Nýló draga að fólk sem um leið sér verk Ólafs. Staðirnir þrír með sínar eigin ákvarðanir og oft ólíkar nálganir munu á einhverjum tímum hafa áhrif hver á annan.

Þorgerður Þetta leggst mjög vel í okkur. Ég held að allir hafi verið mjög jákvæðir fyrir þessari samveru og þessari sambúð. Ég held að þessir þrír aðilar ásamt veitingastaðnum niðri séu að fara að virka mjög vel saman.

Hekla Á sama hátt þurftum við að taka ákvörðun. Við trúðum á kjarnann í starfseminni. Það er ekki sjálfgefið. Við trúðum á að það væri sterkara en allt, sterkara en það sem við höfðum áhyggjur af. Stofnanavæðinguna sem slíka.

Erling Húsið sem slíkt er að einhverju leyti stofnun en við höldum áfram að vera við.

Hekla Þetta var snúíð. Sérstaklega þegar þú ert búinn að vera sjálfstæður. Bakhjarl starfseminnar er listamaðurinn og listin. Það er ekkert annað og við treystum því. Dirfskan er þar að baki.

*Stefna Kling & Bang er að sýna myndlist sem ögrar samhengi og innihaldi skapandi hugsunar. Kling & Bang hefur alla tíð lagt áherslu á að bjóða upp á vettvang fyrir framúrskarandi sýningar og tilraunamennsku. Fyrsta sýning ykkar í Marshallhúsi er sýningin Slæmur félagsskapur sem er samsýning átta nýútskrifaðra listamanna og þar kennir ýmissa grasa. Það var mikið fjör á opnuninni, gjörningar og uppákomur!
Hvað getið þið sagt mér um sýninguna og tilurð hennar?*

Erling og Hekla Sýningarstjórnarnir eru Daníel Björnsson og Ingibjörg Sigurjónsdóttir. Það var tekin ákvörðun mjög fljótlega að vera með fókus á yngstu kynslóðina. Það var farið yfir efni frá mörgum grasrotarlistamönnum og valið út frá því. Valið var út frá heild og þema sýningarinnar. „Raunveruleikinn er slæmur félagsskapur og við erum með að minnsta kosti annan

fótinn í honum“, segir Ingibjörg í sýningarskrá sem gefin var út og seld á staðnum.

Erling Næsta sýning hjá Kling & Bang er sýningin OPNUN. Það er samsýning 13 listamanna sem verið er að kynna í sjónvarpsþáttunum OPNUN á RÚV.

Opnunar sýning Nýlistasafnsins í Marshallhúsinu er sýning á verkum Ólafs Lárussonar frá fyrsta áratug ferils hans. Sýningin nefnist Rolling Line. Sýningarstjórar eru Þorgerður Ólafsdóttir og Becky Forsythe. Mörg verka Ólafs eru varðveitt í Nýló. Hver var kveikjan að þessari sýningu?

Þorgerður Hugmyndin að sýningunni kviknaði árið 2010. Ég var nýbyrjuð í varastjórn hjá Nýló og sá fyrst verk eftir Ólaf þegar ég var að skoða safneignina. Ég varð strax mjög hrifin af verkunum hans og það vakti furðu mína að ekkert hafði verið rætt um Ólaf Lárusson í Listaháskólanum og að nafn hans væri ekki sýnilegra í listasögunni. Síðan fór ég að vinna hjá Listasafni Íslands við að skrifa upp viðtöl og þá sá ég fleiri verk eftir Ólaf í eigu safnsins. Ólafur var einn af stofnendum Nýlistasafnsins og afar virkur listamaður á umbrotatímum



Frá opnun Marshallhússins í Kling & Bang, verk Melanie Ubaldo
Not to be rude but... what are you doing in Iceland with your face? 2017.

í íslenskri myndlist. Við höfum bara verið að bíða eftir rétta tækifærinu til að sýna verkin hans. Það þótti við hæfi að opna í Marshall með verkum Ólafs því hann átti mikinn þátt í að móta myndlistarumhverfið á áttunda áratug síðustu aldar. Það er mikil gleði og hamingja í þessum verkum og þetta er frábært tækifæri til að sýna hversu góður listamaður hann var. Verkin á sýningunni eru úr safneign Nýló og einnig fengin að láni frá Listasafni Íslands og Reykjavíkur og úr einkaeigu. Næsta sýning verður svo af allt öðrum meiði, risastór samsýning með meira en þrjátíu listamönnum á öllum aldri, erlendum og innlendum.

Nú hafa erlendir ferðamenn yfirtekið miðbæinn og styrkt íslensku krónuna. Það má í raun segja að þeir hafi að einhverju leyti ýtt ykkur hingað út á Granda. Þeir eiga síðan eftir að vera tíðir gestir hér á bæ. Þetta er áhugaverð hringrás. Teljið þið að lista- og menningarmiðstöðin í Marshallhúsi eigi eftir að auka enn frekar áhugann á Grandasvæðinu?

Hekla Það er gleðilegt að það skuli vera eitthvað eftir fyrir ferðamanninn að sjá. Þeir vilja sjá eitthvað meira en hótél og túristabúðir.

Þorgerður Maður sér halarófu ferðamanna á leiðinni í Hörpuna stoppa á Sæbrautinni við *Sólfarið* eftir Jón Gunnar Árnason. Menningin er það sem fær fólk til að staldra við. Reykjavíkurborg er búin að kveikja á þessu, núna mega fleiri fylgja.

Hekla Við erum búin að sinna mörgum ferðamönnum í litla hellinum á Hverfisgötunni. Það var örtröð af fólkum sem lagði leið sína þangað. Við höfum líka farið mikið erlendis og ég hef alltaf talað um að við séum sendiherrar, sendiherrar myndlistar. Allt í einu er Reykjavík á blaði sem drifkraftur menningar og lista. Þetta er gríðarlega mikilvægt og mikil landkynning.

Þorgerður Það var mikið um að ferðamenn kæmu á sýningar í Nýló í Breiðholtinu. Ferðamenn setja ekki

fjarlægðina fyrir sig þegar þeir vilja skoða góða og spennandi myndlist. Þessi listamannareknu rými vekja eftirtekt og ferðamönnum finnst þetta spennandi.

Erling Við sinnum líka mikilvægu fræðslustarfi. Það ætla fimm eða sex skólar að heimsækja okkur í þessari viku. Við erum að taka á móti fullt af hópum.

„Það má í því samhengi taka það fram að við fengum fræðslu- styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu í ár,“ skýtur Elísabet Brynhildardóttir meðlimur og starfandi framkvæmdastjóri Kling & Bang inn í samtalið.

Hekla Það vantar meira myndlistaruppeldi í skólana og með þessu erum við að leggja hönd á plóg við að fræða og gleðja börn og fullorðna, íslenska sem og erlenda.

Þorgerður Ég held að þetta sé frábært tækifæri fyrir borgina. Þetta er



Erling T.V. Klingenberg, Hekla Dögg Jónsdóttir og Þorgerður Ólafsdóttir.

frábær viðkomustaður. Marshallhúsið er gluggi inn í samtímalistina. Hér er hægt að dvelja daglangt og skoða hvað er að gerast í samtímamyndlist á Íslandi.

Hekla Þetta á vonandi eftir að auka hróður svæðisins. Hér er hægt að upplifa samtímalist og hún endurspeglar þjóðfélagið. Maður áttar sig á því hvað er að gerast í samfélaginu í gegnum myndlist.

Nú hefur SÍM haldið úti herferðinni „Við borgum myndlistarmönnum“ þar sem áherslan er á að listamenn fái greidd laun fyrir vinnu sína. Hver er ykkar afstaða í því máli?

Þorgerður Ég var í starfshópnum sem vann að þessum samningum. Það eru svo fáir myndlistarmenn sem geta sinnt myndlistinni eingöngu og lifað af henni. Við höfum listamannalaunin og þau eru af hinu góða. Síðan eru styrkir og annað sem fellur til, eitthvað örlítið klink sem tikkar inn. En við viljum að ríkið

viðurkenni að listamenn eigi að fá borguð laun fyrir að halda sýningar í opinberum söfnum.

Hekla Það var auðvitað hluti af þessari herferð að þetta fjármagn væri ekki að koma úr batteríum sem eiga ekkert heldur að ríki og borg bættu í og öxluðu ábyrgð á því hvað myndlist færir samfélaginu í tekjum. Að vera myndlistarmaður er ekki hátt skrifað í íslensku samfélagi. Erlendis er litið á myndlistarmenn sem skapandi fólk sem auðgar samfélagið. Á Íslandi er oft litið á okkur sem blóðsugur sem vilja mergsjúga kerfið. Þetta er mikill misskilningur sem verður að leiðrétta. Við erum stríðsmenn. Við lítum á myndlistina sem mikilvægan hlekk í samfélaginu, annars hefði maður ekki getað gefið sig í þetta í öll þessi ár. Maður heldur ótrauður áfram. Enda sér maður hvað það hafa verið settar upp magnaðar sýningar í þessum rýmum þó svo að peningar hafi verið af skornum skammti.

Þorgerður Í þessu húsi horfum við á möguleikana sem það hefur upp á að bjóða, Nýlistasafnið heldur áfram að vera Nýló og Kling & Bang heldur áfram að vera Kling & Bang. En þetta er tækifæri til að breiða út vængina og þetta er tækifæri fyrir veg myndlistar, og alla anga myndlistar. Myndlist getur verið óaðlaðandi og erfið, fögur eður ei, óþjál og pirrandi, hún er allur skalinn. Endurskoðun á samfélaginu og ekki bara málverk og skúlptúr. Nú er starfsemi Nýló og Kling & Bang orðin sýnilegri. Umgjörðin er stórfenglegri og kannski var þessi nýja umgjörð nauðsynleg framhaldinu. En kjarninn og metnaðurinn er sá sami og við höldum ótrauð áfram.

STARA þakkar þeim Erling og Heklu hjá Kling & Bang og Þorgerði hjá Nýló fyrir spjallið og óskar þeim góðs gengis í Marshallhúsi.

MARSHALLHÚSIÐ

Ellert Björn Ómarsson

Nýr og endurbættur Grandi

Grandinn hefur tekið stakkaskiptum síðastliðinn áratug. Svæðið sem lengi vel hefur einungis þjónustað fiskiðnað og sjávarútveg hefur gengið í gegnum endurnýjun lífdaga, m.a. með uppbyggingu sjóminjasafns, og einkennist nú af grósku í bæði verslun og menningu. Nýjasta dæmið um uppbyggingu af þessu tagi er umbreyting gömlu Síldarverksmiðju Faxa hf. við Grandagarð 20 sem nú er í eigu HB Granda. Síldarverksmiðjunni hefur verið breytt í lista- og menningarhús sem hefur formlega fengið nafnið Marshallhúsið.

Marshall-aðstoðin

Saga Marshallhússins er áhugaverð og teygir anga sína allt til seinna stríðs. Þannig hefst forsaga þess með fjárláni Bandaríkjastjórnar til Evrópu, svokallaðri Marshall-aðstoð, kennd við George Marshall þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Lánið var ætlað Evrópuríkjum til enduruppbyggingar eftir seinni heimsstyrjöldina og

gegndi þar lykilhlutverki. Ísland fékk sinn skerf af fénu þrátt fyrir að aðstæður hérlendis væru ekkert í líkingu við eftirmála heimsstyrjaldarinnar á meginlandi Evrópu.

Því er nafnbót hússins vísun í forsögu þess, en byggingin, sem reist var utan um síldarverksmiðju, var fjármögnuð að hluta til með þeim miklu fjármunum sem Ríkissjóður Íslands fékk. Marshallhúsið var þannig liður í áformum ríkisstjórnarinnar og útgerðamanna um að stórauka getu til síldarvinnslu á Faxaflóasvæðinu. Það var hlutafélagið Kveldúlfur ásamt Reykjavíkurbæ sem stofnuðu árið 1948 sameignarfélagið Faxa sf. um byggingu síldarverksmiðjunnar í Örfirisey. Verksmiðjan þótti merkileg því hún var fyrsta þurrvinnslu síldarbræðsla sinnar tegundar á Íslandi. Sigurður Guðmundsson og Eiríkur Einarsson voru fengnir til að teikna þessa nýju síldarverksmiðju á árunum 1948-49.

Síldarbræðslu- og úrvinnsluhús

Á lóðinni við Grandagarð 20 hafa risið nokkrar byggingar í gegnum tíðina. Árið 1950 voru teknar í notkun fjórar nýjar byggingar. Var Marshallhúsið eitt þeirra og gegndi hlutverki síldarbræðslu- og úrvinnsluhúss. Byggingin er fjögurra hæða auk rishæðar, en fjórðungur hússins er þriggja hæða með aukinni lofthæð. Í húsinu voru vélarsalir á öllum hæðum auk efnarannsóknarstofu á fyrstu hæð og umbúðageymslu á þakhæð. Gluggasetning hússins er mjög áhugaverð og heldur óhefðbundin miðað við verksmiðjuhús þess tíma. Líklegt þykir að hönnunin sé innblásin af iðnaðarbyggingum í Mið-Evrópu frá svipuðum tíma. Gluggasetningin er gott dæmi um hvernig hönnun og útlit hússins hefur mótast af notagildi þess. Ástæðan fyrir fjölda glugga á hliðum hússins er talin vera varúðarráðstöfun ef ske kynni að ketill síldarbræðslunnar skyldi springa, þannig ættu rúðurnar að springa út en ekki útveggirnir.



Ljósmynd Ari Kárasón, 1965. Mynd fengin hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Húsið gegndi hlutverki sínu sem síldarbræðsla í hálfra öld en síðastliðinn áratug hefur það staðið autt. Árið 2009 ákvað HB Grandi að fjarlægja mjóltanka sem stóðu við suð-austanvert húsið. Einnig var skipt um glugga í öllu verksmiðjuhúsinu, gert við steypu utanhúss og það málað. Eftir þessar framkvæmdir kom í ljós fallett hús í hafnarmynd Reykjavíkur sem áður hafði verið falið bak við mjóltankana.

Marshallhúsið fær nýtt hlutverk

Hugmyndasmiðirnir að uppbyggingu Marshallhússins eru þeir Ásmundur Hrafn Sturluson og Steinþór Kári Kárasón, sem reka saman arkitektastofuna Kurtogpi. Eftir að tankarnir á hafnarbakkanum voru fjarlægðir var athygli þeirra á byggingunni vakin. Að eigin sögn lét þessi „nýja“ bygging þá eiginlega ekki í friði og hugmyndir um nýtt hlutverk hússins tóku að gerjast. Á svipuðum tíma misstu Nýlistasafnið og Kling & Bang gallerí húsnæði sitt í miðborg Reykjavíkur. Einnig höfðu þeir

Steinþór og Ásmundur spurnir af því að Ólafur Eliasson myndlistarmaður hefði í hyggju að opna vinnustofu á Íslandi. Því sáu þeir að um kjörið tækifæri væri að ræða, möguleika á að skapa eins konar miðstöð fyrir samtímalist á Íslandi, sem lengi hefur verið á vergangi í borginni.

Þeir félagar ákváðu að kynna hugmynd sína fyrir eigendum hússins, HB Granda, og fengu leyfi til að þróa hugmyndir sínar áfram. Í kjölfarið var gerður samningur við Reykjavíkurborg um að leigja efstu þrjár hæðir hússins til 15 ára. Framkvæmdir hússins eru því að hluta til fjármagnaðar þannig sem og trygging á starfsemi í húsinu næstu árin. Áður en lengra er haldið er vert að hrósa HB Granda fyrir að eiga þátt í að efla lista- og menningarlíf í borginni með þessum hætti. Marshallhúsið er fordæmisgefandi en hér ber einnig að minnast á *Þúfunu*, listaverk eftir Ólöfu Nordal sem einnig er reist á lóð fyrirtækisins í Örfirisey.

Aðlögun hússins að nýju hlutverki sínu var alfarið í höndum Ásmundar og Steinþórs. Það má því segja að þeir félagar séu hugmyndasmiðir Marshallhússins frá upphafi til enda. Nálgun þeirra ber vott um virðingu fyrir sögu hússins. Karakter hússins fær að njóta sín í hrárra steypu, bitum og súlum. Öll nýsteypa í húsinu er í gömlum stíl og má þar helst nefna stigann sem leiðir upp á efri hæðir hússins. Jarðhæð hússins hefur ólíkan karakter til móts við sýningarrými efri hæðanna. Þar er öll steypa hrá og voru súlur og bitar þvegin með háþrýstidælu til þess að losna við alla málningu og örefni. Til móts við hráa steypuna er notast við oregon pine við í klæðningu innveggja og innréttinga veitingastaðarins auk glugga í innskoti anddyris. Leifur Kolbeinsson matreiðslumeistari rekur veitingastaðinn sem kallast Marshall Restaurant + Bar og leggur áherslu á að bjóða upp á fjölbreytta og ferska sjávarrétti.

Innra skipulag hússins er í raun tvískipt og víða er leikið með opnanir á milli hæða. Þannig er fjórðungur hússins þriggja hæða og hefur aukna lofthæð. Í þeim hluta eru salerni á jarðhæð en sýningarrými á tveimur efri hæðunum sem og stúdíó Ólafs Elíassonar. Hinn hluti byggingarinnar hýsir sýningarrými Nýlós á annarri hæð, Kling og Bang á þeirri þriðju og vinnustofu Ólafs Elíassonar á efstu hæð. Meginflæði hússins liggur um stigann sem um leið tengir hlutana tvo ásamt lyftu sem staðsett er í veggnum þar sem húsið skiptist. Allir veggir, súlur og loft eru hvítmáluð inni í sýningarrýmum. Víða er leikið með lofthæðina, sem dæmi má nefna tvöfalda lofthæð innst í sýningarrými Nýlós til austurs sem og tvöfalda lofthæð í sýningarrými Kling og Bang til vesturs yfir aðalinngangi byggingarinnar.

Umbreyting hússins er mikil. Allt yfirborð á gólfum var strípað burt og gólf flotað upp á nýtt. Á jarðhæðinni var steipt ný gólfplata og ýmsar viðgerðir framkvæmdar

á plötum og veggjum. Þar sem um er að ræða gamla verksmiðju var húsið áður mjög hrátt að innan. Þegar koma þurfti fyrir tækjum og tólum var brotið í burt eða steipt eftir hentisemi og hefur þannig útlit hússins mótast af starfsemi þess. Þrátt fyrir að gjörbreyta húsinu vilja Ásmundur og Steinþór af fremsta megni halda þessari sögu í heiðri. Öll steypusár í veggjum og plötum eru höfð sýnileg, þau eru ör hússins, minnisvarðar um fyrri starfsemi og gera þeim sem þar dvelur kleift að skynja sögu rýmanna. Leikið er þannig á skynfærin, sem dæmi finnst ennþá keimur af fiskilyktinni í krókum og kimum hússins og skarkali hafnarstarfseminnar berst til eyrna.

Framtíð Reykjavíkur

Reykjavíkurborg er að breytast, miðborgin er sífellt að teygja anga sína nær sjónum og opna það sem áður var lokað hafnarsvæði. Marshallhúsið er gríðarlega mikilvægur liður í þessari þróun. Flæði fólks eykst,

bæði til að skoða *Búfunu* og ganga um iðandi hafnarsvæðið og þá er við hæfi að gæða sér á íslensku sjávarfangi á Marshall Restaurant. Sú miðstöð sem Marshallhúsið mun vera í íslensku myndlistarsenunni auk sýningarrýma Ólafs Elíassonar gefur svæðinu svo aukna vídd.

Hugmyndasmíði Kurtogpí að Marshallhúsinu hefur því tekist virkilega vel, bæði endurhönnun hússins og starfsemi þess. Borin er virðing fyrir uppruna hússins og gætt er að öllum smáatriðum. Kurtogpí eiga svo sannarlega hrós skilið fyrir nálgun sína: virðingu fyrir sögu byggingarinnar en jafnframt að gefa henni nýtt líf. Við eigum að vera stolt af því að eiga svona fallett hús þar sem listir og menning fá að blómstra. Ég trúi því að Marshallhúsið eigi eftir að verða mikið aðdráttarafl fyrir Grandann. Í kjölfarið sting ég upp á að næsta verkefni verði vindubrú fyrir gangandi vegfarendur yfir mynni Reykjavíkurhafnar til að tengja hafnarsvæðið ennþá betur við miðborg Reykjavíkur!



Ljósmynd úr Þjóðviljanum 1976. Mynd fengin hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Maðurinn í náttúrunni

Margrét Elísabet Ólafsdóttir

Fagurrauð olíutunna í forgrunni ljósmyndar grípur augað. Tunnan liggur úti á víðavangi, ofan á grýttum mel eða uppþornuðum árfarvegi, sem nær svo langt sem augað eygir. Við miðju myndarinnar, beggja megin, má greina rót fjallshlíðar eða hæðar, en sjálfur melurinn virðist ná inn í fjarskann, jafnvel inn á hálendið. Himinninn, sem fyllir efri hluta myndflatarins, er lágskýjaður, og skýin nánast strjúkast við hæðirnar. Það er ekki sála á ferð. Aðeins tunnan gefur til kynna að þarna hafi mannfólk átt leið um. Einhver hefur haft fyrir því að mála tunnuna og koma henni fyrir á þessum stað. Eða hvernig komst hún þangað? Titill ljósmyndarinnar, *Héraðsdalur í Skagafirði*, gefur vísbendingu. Við erum að horfa á landareign og þarna skammt frá er bær sem í býr fólk. Kannski er tunnan aðeins örskammt frá bænum, og mögulega þjónar rauði liturinn tilgangi sem ljósmyndin gefur ekkert uppi um. Kannski er litnum aðeins ætlað að láta tunnuna skera sig úr í tilbreytingarlitlu landslaginu.

Ljósmyndin er hluti af sýningu á verkum Einars Fals Ingólfssonar í Ketilhúsinu á Akureyri. Það er svissneski sýningarstjórinn Christoph Kern sem hefur valið ljósmyndirnar á sýninguna, en hún var fyrst sett upp í Galleríi Oslo 8 í Basel í Sviss árið 2015. Allar ljósmyndirnar eiga það sameiginlegt að sýna verksummerki eftir manninn í náttúrunni og fjalla um það hvernig maðurinn býr í náttúrunni og með henni. Þetta kemur enn skýrar fram í annarri ljósmynd sem sýnir glugga- og hurðarlausu hlið á skær litu sæluhúsi sem staðsett er á Öxarfjarðarheiði. Liturinn þjónar þeim tilgangi að láta húsið skera sig úr lit náttúrunnar, grænum þúfum, gulu grasi, brúnni mold eða hvítum snjó. Húsið, sem er í raun lítið annað en kofi, á að sjást, en ekki falla inn í landslagið, til að vegfarendur geti fundið það og leitað þar griða í vondum veðrum og ófærð. *Griðastaðir* er yfirskrift sýningarinnar, og þetta sæluhús er einn af þeim. Annar slíkur staður við veginn sést ekki sjálfur á annarri ljósmynd, heldur er vísað til hans með stærðarinnar skilti, sem er samsett úr stöfum orðsins MOTEL.

Stafirnar virðast gerðir úr málm, en þeir hafa verið festir ofan á steypnan vegg sem stendur að því er virðist á víðavangi, úti í eyðilegu hrauni. Aðeins fjallið Keilir, sem rauðmálaður stafurinn O rammar inn, segir til um landfræðilega staðsetningu skiltisins, úti á Reykjanesi, sem titill myndarinnar, *Við Vogaafleggjarann*, staðfestir. Aftur erum við blekkt af auðninni og tilfinningu fyrir víðáttu, þótt stafirnir og orðið, mótel, segi til um að byggingar og mannaferðir séu ekki langt undan.

Ljósmyndir Einars Fals sýna einnig annarskonar griðastaði, eða skjól, sem er heiti á samnefndri ljósmyndaseríu. Ljósmyndir úr þessari seríu eru áberandi á sýningunni, en þær eru flestar minni um sig en þær myndir sem þegar hafa verið nefndar. Í flestum ljósmyndum seríunnar *Skjól*, er auga myndavélarinnar beint að skjólum hesta á Norður- og Suðurlandi. Sjónarhornið er þröngt eins og í myndinni af sæluhúsinu og beinir athyglinni að hlutum sem er myndaður fremur en að



Einar Falur Ingólfsson, Við Vogafleggjarann.

landslaginu sem umlykur hann. Þetta óvenjulega viðfangsefni dregur athyglina að fjölbreyttri hönnun og byggingaraðferðum skjóla þar sem notast er við þann efnivið sem hendi er næst. Oftast eru skjólin úr efnum sem hafa áður verið notuð í annað, hvort sem það er timbur eða bárujárn. Og þótt skjólin séu áþekkt sýna ljósmyndirnar að þau eru mismunandi að lögun og stærð. Sum eru einföld, líkt og skjólið í Vatnsdal sem samanstendur af tveimur gömlum rafmagnsstaurum, nokkrum plönkum og ryðguðum bárujárnsplötum. Það mætti jafnvel lýsa byggingarstílnum sem mínímalískum í efni og formi og þannig nota orð sem vísar til myndlistar og skúlptúrs. Úr sama dal er ljósmynd af öðru skjóli sem er mun flóknara í byggingu og meira að umfangi. Stórhugur og mögulega skrautgirni smíðsins, nema skrautið hafi orðið til af nauðsyn, kemur fram í notkun á keflum, sem eru tengd saman með bárujárnsplötum. Þetta skjól minnir á skjaldborg eða vígi, stöðugt og stórt, en líka ofhlaðið, þótt ofhlaðinu sé líklega ætlað að styrkja hlutverk þess. Hugvitssemi er orð

sem kemur upp í hugann þegar horft er á þessar ljósmyndir sem upphefja hversdagslega hluti og benda á feegurðina í nytseminni.

Í ljósmyndum sínum sýnir Einar Falur landið og náttúruna, en aðeins sem bakgrunn myndar af manngerðum hlutum sem þar er að finna. Hlutum sem líkt og skjólin sýna sambúð manns og náttúru og hvernig hann setur mark sitt á hana, hvort sem það er í hversdegi bóndans og hrossaræktandans, eða í tengslum við ferðaiðnaðinn. Hann snýr baki í Þingvallavatn, til að geta myndað hestaskjól, þar sem glittir í bóndabæ og rafmagnsmöstur. Hann snýr einnig baki í Geysissvæðið, og myndar þess í stað auglýsingaskilti frá fyrirtæki sem selur útivistarfatnað, en myndar um leið skjól fyrir tré sem vex að baki þess. Jafnvel eina ljósmyndin á sýningunni sem virðist vera af villtri náttúru við Vatnsleysuströnd, sýnir nærveru mannsins í formi þyrpingar af valmúa sem sprettur að því er virðist villtur með lambgrasinu. Hvergi er fólk að sjá, nema í fjarlægð, eða það er án persónueinkenna og því sýnt líkt og hver annar hlutur á

myndinni. Þessi eiginleiki verkanna gefur þeim tregablandinn undirtón.

Ljósmyndaröðin *Skjól* er skýrt dæmi um vinnuaðferðir Einars Fals, sem sækir fyrirmyndir sínar til konseptlistamanna sjötta áratugarins, listamanna sem fyrstir notuðu ljósmyndir til að skrásetja kerfisbundið hversdagsleg viðfangsefni. Með kerfisbundinni nálgun og skýrt afmarkaðri vinnureglu, þar sem sama stefni er endurtekið eins oft og þurfa þykir, má laða fram fjölbreytni með endurtekningu. Með því að gera hið manngerða í náttúrunni að viðfangsefni tengir Einar Falur konseptljósmyndina við sigilt viðfangsefni íslenskra nútímamálara, landslagið, en sýnir það um leið á nýjan hátt, í tengslum við líf og hugðarefni samtímans. Christoph Kern hefur tekist einkar vel við val á ljósmyndum á sýninguna *Griðastaðir*, þar sem einnig má sjá verk úr myndröðunum *Reykjanesbrautin* og *Sögustaðir*. Sýningin er lítil en þétt og dregur fram alla helstu styrkleika Einars Fals Ingólfssonar sem listamanns og ljósmyndara.

Undur sköpunarinnar

Harpa Björnsdóttir & Unnar Örn

Þegar ekið er út Eyjafjörð austanmegin, þjóðveg 1 frá Akureyri, má sjá eftir um 10 mínútna akstur eitt af undrum íslenskra safna þar sem það kúrir við vegarkantinn ofan Svalbarðsstrandar. Fyrstur til að vekja athygli er Safnvörðurinn bláklæddi, hávaxinn útvörður með sílogandi lugt í höndum, þekkt kennileiti við veginn. Við hlið hans standa reisuleg hús sem setja svip á umhverfið og litríkir skúlptúrar bjóða fólk velkomið

í anddyrinu. Þetta er Safnasafnið, þar sem alþýðulist af ólíku tagi hefur fengið skjól á þessum fagra stað.

Stofnendur Safnasafnsins eru Níels Hafstein myndlistarmaður og Magnhildur Sigurðardóttir geðhjúkrunarfræðingur, þau hafa frá árinu 1995 byggt safnið upp af miklum eldmóði. Árið 1997 var safnið flutt frá höfuðborginni í gamla þinghúsið á Svalbarðsströnd, þar sem

ráðist var í mikla uppbyggingu og endurbætur sem lauk árið 2007 þegar safnið opnaði í núverandi mynd með um 500 fermetra sýningarrými. Að auki hefur verið byggt upp viðamikil bókasafn um alþýðulist og handverk, ásamt heimildasafni um alþýðulist hér á landi. Fræðimannsíbúð og rannsóknarstofa eru einnig til staðar og býðst lista- og fræðimönnum sem vilja rannsaka safneignina og íslenska alþýðulist.



Sýnisbók safneignar I kom út árið 2016 en á kápu bókarinnar má sjá verk eftir Guðjón R. Sigurðsson [1903-1991]. Ljósmynd Pétur Thomsen



Bláklæddi Safnvörðurinn sem tekur á móti gestum á hlaði Safnasafnsins er verk eftir félagi í hópnun Huglist frá Akureyri. Huglist var stofnað 2007 sem vettvangur fyrir fólk sem hefur glímt við andlega erfiðleika, til að vinna gegn fordómum og vera sýnilegt í samfélagi við aðra. Mynd Magnhildur Sigurðardóttir.



Árið 2015 var Kikó Korriró-stofa stofnuð innan safnsins en í þessari sérstöku safnadeild eru varðveitt um 120–130.000 verk eftir Þórð Guðmund Valdimarsson [1922–2002] sem ættingjar hans afhentu safninu til varðveislu árið 2015. Ljósmynd Pétur Thomsen.

Safnasafnið hefur þá sérstöðu meðal listasafna hér á landi að safna jöfnum höndum list eftir leika sem lærða, með áherslu á list þeirra sem af ýms-um ástæðum hafa verið jaðarsettir eða utanveltu við meginstrauma listarinnar, stundum kallaðir næfir eða ein-farar í myndlistinni. Meginhluti safneignar Safnasafnsins er því verk sjálfmenntaðra listamanna sem ekki eiga inni í öðrum listasöfnum, einnig á safnið álitlegt safn nútímalistar. Safnið er nefnt Alþýðulistasafn Íslands, þó nánari skilgreiningar geti gilt um einstök verk og einstaka listamenn.

Í starfi sínu hefur Safnasafnið víkkað út safnahugtakið – eins og felst í nafninu þá er bæði um að ræða *söfn* verka, og svo safn, stofnun sem safnar verkum. Safn utan um söfn. eru þessi *söfn* verka afar ólík, spanna allt frá leikföngum, útsaumi og hannyrðum, verkum geðfatlaðra, verkum barna, verkum einfara og alþýðulistamanna og verkum þekktra samtímalista-manna. Nærast *söfnin* hvert á öðru og þeim er fléttað saman í sýningum safnsins.

Það krefst hugrekks og ástríðu að stofna listasafn sem gengur gegn öll-um viðteknum hugmyndum um list og listræn gildi. Niels Hafstein hafði áður komið að stofnun nýstárlegs safns, hins listamannarekna Nýlista-safns sem hann hafði forgöngu um að stofna árið 1978 og stýrði af röggsemi um árabíl. Þegar Niels var þar við stjórnvölinn sýndi hann reglulega verk sjálflærðra listamanna jafnfætis

verkum lærðra listamanna, sem var óvenjulegt og umdeilt á þeim tíma. Strax þá var honum ljóst að undur sköpunarinnar og listrænt vægi er ekki bundið við skólun, aldur, kyn eða geðheilbrigði, heldur ástríðu sem býr innra með fólki og leitar útrásar.

Safnasafnið beinir sjónum að íslenskri alþýðulist líðandi stundar og vinnur að viðurkenningu hennar, sem og alþýðulist fyrri alda, allt frá 1850 fram á 21. öld. Í þessum tilgangi hóf Safnasafnið útgáfu ritraðar árið 2016 til kynningar á alþýðulist. Í fyrstu bókinni, *Sýnisbók safneignar I*, var söfnunar- og sýningarstefna safnsins kynnt í samspili við stóra yfirlits-sýningu. Í *Sýnisbók safneignar II* var fjallað sérstaklega um útsaumsverk óþekktra kvenna, og dregin upp mynd af mikilvægi þeirrar sköpunar sem liggur í handverki og listrænu vægi útsaumsins. Á næstu árum er markmiðið að halda útgáfunni áfram til að varpa ljósi á fjölbreytta flóru íslenskrar alþýðulistar og miðla til almennings af þeim dýrmæta sjóði sem fólgin er í safneign Safnasafnsins.

Á hverju ári eru settar upp í safninu nýjar sýningar þar sem list eftir leika og lærða mynda bæði samhljóm og spennu. Þar er tekst á við það sem sameinar og aðgreinir fólk hvert frá öðru. Í sýningum safnsins eru ávallt gerðar tilraunir með óvenjulegt samspil verka, formsýn og frumlega framsetningu. Þannig mynda sýningar hvers árs órofa listheild þar sem safneignin á í skapandi samræðu við verk gestasýnenda. Markmiðið er

að auka fjölbreytni í sýningarhaldi á samtímalist, laða að áhugasama gesti og örva hugmyndaflug þeirra. Safna-safninu hefur þannig á tveimur ára-tugum tekist það sem ólíklegt þótti, að færa alþýðulistina af jaðrinum inn að miðju og lokka jafnframt nútíma-listamenn til heilladrjúgs samstarfs.




Í ár opna sýningar Safnasafnsins 13. maí og standa til loka september. Gestasýnendur 2017 eru: Aðalheiður Eysteinsdóttir, Birta Guðjónsdóttir, Harpa Björnsdóttir, Matthías Rúnar Sigurðsson, Ragnheiður Ragnarsdóttir, Sigríður Ágústsdóttir, Þorvaldur Jónsson. Sérýning verður á verkum Dieter Roth.

Úr safneign eru sýnd verk eftir Ásdísi Ketilsdóttur, Erlu Þórarinsdóttur, Friðrik Hansen, Gjørningaklúbbinn, Guðbjörgu Ringsted, Guðjón R. Sigurðsson, Halldóru Kristinsdóttur, Hjaltu Skagfjörð Jósefsson, Huldu Vilhjálmsdóttur, Jóhönnu Kristínu Yngvadóttur, Laufeyju Jónsdóttur, Ragnar Bjarnason, Bjargeyju Ingólfsdóttur, Svövu Skúladóttur, Elísabetu Geirmundsdóttur, Sæmund Valdimarsson, Yngva Örn Guðmundsson, Þóreyju Jónsdóttur.

Einnig verða sýnd leirverk eftir Láru Kristínu Samúelsdóttur, þjóðbúningur eftir Ragnhildi Helga-dóttur, brúðusafn, hannyrðir, og að venju verk eftir börn á ýmsum aldri úr nágrannabyggðinni.

Peningana eða lífið

Kristín Ómarsdóttir



Hvað kosta mínúturnar mínar? En ég gef þér þær af því þú ert góð og af því ég skulda heiminum hugmyndaflugið - en fyrir mínúturnar, á meðan ég skrifa pistilinn, fæ ég borgað og býð þér út að borða.

Segir kona í bíómynd við persónu sem aðeins sést í bakið á. Bakið er fallett. Rödd konunnar skræk.

Yfir flóanum liggur þoka sem leysist örlítið upp. Viðey birtist fölgræn og minnir á sögu prentsmiðja á Íslandi; hvað prentvélarnar skipta máli; ég megi koma því á framfæri að baráttan um tilvist íslenskunnar harðni. Í höfn liggur varðskip Landhelgisgæslunnar reiðubúið að verja tungumálið. Pistillinn verður samtímis birtur á ensku í myndlistartímaritinu. Í honum mun ég ekki fjalla um myndmál; ekki um hvernig tungumál áhrifar hugsunina og veðurfar áhrifar tungumál; ekki um hvernig tilfinningar leita uppi orð til að útskýra sig.

Upphafið er loðinn útúrdúr.

Fari maður í göngutúr, t.d. niðri bæ, skreytir maður göturnar og mannlífið:

Þú setur fjöður í hárið, klút í hálsmálið, ferð í gula sokka. E.t.v. er nostalgískt að halda því fram að manneskjan hafi hlutverki að gegna við skreytingu umhverfisins en tíminn gengur aftur. Og aftur.

Áður en Ríkisútvarpið hóf göngu sína, fyrir áttatíu og sjö árum, söng amma mín við þvottana, allan daginn ný og ný lög án stefgjalda. Þegar útvarpið kom söng útvarpið fyrir hana. Maður hefur sig til - þú þrýðir leikmyndina ... Hér máttu sjá plakatið með hershöfingjanum benda vísifingrinum á þig, á milli augna þinna:

ÞÚ
þrýðir leikmyndina

Er ritað fyrir neðan.

Heima hjá þér og einnig úti.

Maður gefur sig tímanum, samtíð sinni, maður er fórn hans/hennar.

Ég elska bara þig og engan annan, segir kall í bíómyndinni sem vitnað er til í upphafi og tekur ofan - fjöðrin fýkur. Við vitum ekki við hvern hann mælir orðin en allir sem horfa skilja undirtextann:

Ég elska alla í heiminum jafnt og tímann elska ég útaf lífinu.

Það er einn tilgangurinn - í tilgangsleysinu og kaosinu, hvort sem þau eru yndisleg eða ómótstæðileg - að gæða tímana af listfengni þinni og fegurðarþrá - skreyta - þá - breyta þeim.

Þú skyldir ekki bara skreyta heimilið (ef þú átt heimili - tímarnir stefna í allsherjar fjölmenningslegt heimilis- og allsleysi) heldur hverja stund, samræðurnar, gönguferðirnar, dagana. Draslaðu til (ekki bara heima hjá þér)

og

taktu til (ekki bara heima hjá þér).

Hugmyndaflugið, sbr. sólin, er sameign mannkyns og sköpunarverksins: það þarf hugmyndaflug til að framleiða hunang. Enginn á hugmyndaflugið, enginn á íslenskuna, hún verður ekki seld einsog banki. Myndlistarfólki fjölgar - snillingurinn og guð dóu samtímis - og því mun fjölga á næstu árum og tugum. Á vélmenningartímum mun myndlistarfólkið varðveita arf handíðanna. Með nostalgískum hughrifum horfi ég á listaverk úr límbandi og spýtum. En tímarnir ganga aftur. Handverksmenn fyrri tíða eru myndlistarfólk framtíðar. Einsog konur sem báru (bera, munu bera) saumavélarnar á bakinu milli borga ber listafólkið hugmyndaflugið á bakinu milli staða. En ekki er útlit yfir að kaupendum listaverka fjölgi í framtíðinni á meðan færri og færri fara höndum um auð jarðar.

Ætli á öllum tímum hafi sirka svipaðri upphæð af heimsauðnum verið varið í kaup á listaverkum? Manni þætti það ekki ólíklegt. Með lýðræðinu dreifist eyrnamerkti listaverkavasapeningurinn á fleiri hendur. // * Daglega skoða ég og fylgist með listum. Það er verið búa til góða list alls staðar í heiminum og opinbera verk listakvanna sem hafa legið í gleymiskudái í umþaðbil öld, og lengur, þær gáfu samtíð sinni og framtíð dýrmæta fegurð - óverðskuldað? Þær fengu lítið borgað fyrir verkin sín og ekkert erfingjar þeirra. Menningin hefur ekki tímt að kosta listir eftir konur. Í nútímanum eru verðgildi verka hinna lifandi lægra en jafnaldranna af karlkyni. Við stöndum frammi fyrir ströngu vandamáli: Hvernig á listafólk að komast af í svona heimi?

Þokan yfir flóanum opnar munninn:

Ekki gleyma að punta þig, settu fjöður í hárið og farðu út að ganga, gerðu allt eða næstum því allt þitt til að flikka upp á leikmyndina - legðu þitt af mörkum - gefðu ekkert eftir, láttu það ekki eftir fólkinu sem dregur til sín völd yfir löndum og sálum, um að umturna heimsmyndunum að eigin vild.

Þokan yfir flóanum: Feldu þig líka.

Leikmynd Reykjavíkur er haldið í nytjakví.



Louisiانا
Humlebak



Belfast
Ireland 2004

Gestavinnustofan

Annabelle von Girsewald, sýningastjóri

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar leitaði eftir samstarfi við SÍM í lok síðasta árs við að bjóða erlendum sýningarstjórum að koma og dvelja í gestavinnustofu hér á landi í allt að tvær vikur. Stjórn SÍM tók því fagnandi og er áætlað að bjóða tveimur sýningarstjórum til landsins á þessu ári. KÍM sér um að koma viðkomandi til landsins og SÍM

leggur til húsnæði. Sýningarstjórnarnir fara í vinnustofuheimsóknir til listamanna og halda fyrirlestur í SÍM salnum þar sem þeir kynna sig og sín störf. Þýsk-ameríski sýningarstjórnin, Annabelle von Girsewald var sú sem reið á vaðið í þessu samstarfsverkefni KÍM og SÍM. Hún dvaldi á Íslandi í tvær vikur í janúar og fór á þeim tíma í 25 vinnustofuheimsóknir til tuttugu

listamanna og undirbjó verkefni sem hún mun vinna með hópi listamanna hér á landi og öðrum erlendis á næstu misserum. Er það von stjórnar SÍM að félagsmenn hafi átt gott samtal við Annabelle og að þetta opni fyrir þeim tækifæri að nýjum og spennandi verkefnum.



Tatiana Echeverri Fernandez, ERR OUT (III), 2013. Af sýningunni heimkomur, 2013. Birt með leyfi höfundar. Ljósmynd Jens Ziehe, Berlín.



Tamara Henderson, tvær mottur fengnar að láni frá nágrannaíbúðum, lítillaga breytt og síðan skilað aftur til sömu íbúða, 2005. Af sýningunni heima er sárast (önnur af heima myndaröðunum), 2005. Birt með leyfi höfundar.

Er þetta fyrsta gestavinnustofan þín?
Já.

Fyrstu áhrifin af Íslandi/Reykjavík?
Þetta var þriðja heimsókn mín til Íslands.

Hvar fréttirðu fyrst af SÍM gestavinnustofunni?

Ég heyrði um SÍM í gegnum KÍM.

Að hverju vinnurðu í SÍM vinnustofunni?
Ég er að vinna að sýningarverkefni sem felst í því að snúa aftur til torfbæja og endurskapa þá.

Finnst þér að gestavinnustofan og/eða Ísland hafi áhrif á verk þín?

Gestavinnustofan gerði mér kleift að hefja rannsóknarvinnu mína. Verkefnið *Heim til Jarðar* (*Earth Homing*) miðar að því að endurskilgreina eftirmannlegt (posthuman) samband okkar við jörðina sem hugmyndalega og efnislega smíð. Ég fór í rúmlega 25 vinnustofuheimsóknir til listamanna sem skipulagðar voru af

KIM fyrir utan að hitta arkitekta og fræðimenn og sérfræðinga á sviði torfbæja. Fólkið sem ég hitti heldur áfram að hafa áhrif á hugmyndir mínar um íslenska sjálfsvitund. Gestavinnustofan auðveldar mér að skilgreina þemu fyrir *Heim til Jarðar: Endurupp götun torfbæja* þar sem ég velti fyrir mér hugtökum á borð við „endurröðun“ og „umbreyting“. Ég læri líka meira um Ísland/Reykjavík, heimaland margra listamanna sem ég á þegar í samstarfi við – þetta eru Egill Sæbjörnsson með *Bakaríið*, Slunkaríki eftir Hrein Friðfinnsson, WAIDWML með Styrmí Erni Guðmundssyni og *Landið þitt er ekki til* eftir Libiu Castro & Ólaf Ólafsson.

Sástu einhverjar sýningar á Íslandi sem höfðu áhrif á þig?

Já, ég sá margar sýningar, þar á meðal sýningu Steingríms Eyfjörð, *Kvenhetjan*, sýningu Önnu Júlíu Friðbjörnsdóttur í Gallerí Gróttu, gjörning Ásdísar Sifjar Gunnarsdóttur sem var hluti af *Völvunni* í Þrískiptu

seríunni *Nærveran* í Veður og vindur galleríi, og sýningu Önnu Hrundar Másdóttur, *Fantagóðir minjagripir*, í D-sal Hafnarhúss Listasafns Reykjavíkur í sýningarstjórn Yean Fee Quay. Samhengi þeirra er gjörólíkt en þar sem listamennirnir leiddu mig sjálfir í gegnum sýningarnar komst ég í snertingu við listasamfélagið.

Myndaðirðu einhver ný tengsl á meðan á dvölinni stóð og telurðu að þau muni gagnast þér?

Já, ég hitti marga spennandi listamenn sem mig langar til að vinna með og ég er með jafnvel enn lengri lista yfir fólk sem mig langar til að hitta næst þegar ég kem til Íslands.

Var eitthvað sem kom þér á óvart hvað varðar íslensku listasénuna?

Ég varð undrandi þegar ég áttaði mig á hversu mikið er um listamannarekin rými eins og Gallerí Suðurgötu 7, Harbinger og Kling & Bang og ég er forvitin um það hvaða sögur liggja þar að baki.

Viðtal við Vigdísí Jakobsdóttur, nýráðinn listrænan stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík

Hlynur Helgason



Vigdís Jakobsdóttir hefur nýverið tekið við starfi listræns stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík og mun til að byrja með stýra hátíðinni í tvö skipti, 2018 og 2020. Hlynur Helgason kom að máli við Vigdísí fyrir hönd Störu til að fá nánari upplýsingar um hugmyndir hennar í sambandi við starfið framundan, bæði með tilliti til listsköpunar í landinu í heild, en einnig sérstaklega út frá sjónarhóli myndlistar.

Ljósmynd Ásdís Pálsdóttir.

Hlynur: Um leið og þú tekur við starfi listræns stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík er verið að breyta hátíðinni frá því að vera viðburður sem var haldinn hvert einasta ár yfir í það að verða hátíð sem er einungis haldin annað hvert ár. Hvað felur þessi breyting í sér? Er bara um niðurskurð að ræða eða eru uppi hugmyndir um að gera hátíðina veglegri og öflugri í hvert skipti sem hún er haldin?

Vigdís: Þetta er ekki niðurskurður að því leyti að árlegt fjármagn til hátíðarinnar hefur ekki verið skorið niður. Ég hef bara heyrt jákvæð viðbrögð frá vettvanginum, frá almenningi og alls staðar þar sem rætt er um þessa breytingu, og ég er sjálf mjög sátt við hana. Það er rétt að geta þess að búíð var að ákveða að gera hátíðina að tvíæringi áður en ég kom til starfa og að hún hefur bara verið haldin árlega frá árinu 2005. Frá 1970 til 2005 var hún tvíæringur líkt og nú og þannig er að vissu leyti verið að hverfa aftur til fortíðar. Hátíðin á sérstakan stað í hugum fólks og yfir henni ríkir ákveðinn nostalgíuljómi. Hins vegar hefur landslag lista og menningar tekið miklum breytingum frá því hátíðin var fyrst haldin og ekki síst á undanförunum áratug. Ég sé það fyrir mér að þetta afturhvarf til tvíæringis geti m.a. falið það í sér að hægt verði að skipuleggja verkefni og hugsa til lengri tíma. Nú gefst vissst andrými á milli hátíða sem ætti að nýtast til þess að dýpka innihald hvernar hátíðar. Og auðvitað skapast þarna líka einhver tími til þess að breiða starfseminna að einhverju leyti út fyrir hátíðarárið, mögulega til þess að stíga inn í einhvers konar listræn rannsóknarverkefni eða stærri langtímaverkefni. Það er líka þess virði að skoða möguleika á því að hátíðin geti fóstorað önnur verkefni á árinu á milli hátíða.

Það er kallað eftir því í dag að hátíðin skerpi á erindi sínu. Það er

skiljanlegt, nú þegar hátíðirnar á höfuðborgarsvæðinu skipta orðið tugum. Að mínu mati á Listahátíð að gera það sem aðrar hátíðir og stofnanir geta ekki gert. Sú áhersla sem í gegnum tíðina hefur verið á þverfaglega og nýsköpun skiptir miklu máli, en sérstaklega getur líka m.a. falist í því sem við getum gert umfram það að búa bara til dagskrá og keyra verkefni. Að tengja viðburði og verkefni út fyrir vettvang lista, tengja saman stofnanir og listafólk úr ólíkum áttum og teygja viðburði út í samfélagið og ná til hópa sem ekki hafa áður haft aðgang að hátíðinni er meðal þess sem ég sé fyrir mér að við getum gert.

Hlynur: En í framhaldi af því, hvernig hugsarðu þér að Listahátíð gæti til dæmis tengst inn í hugmyndir um menningar-bundna ferðaþjónustu? Þetta er atriði sem við sjáum að Harpa hefur nýtt sér að mörgu leyti en heildar-menningarsamfélagið á Íslandi hefur hins vegar ekki verið að gera það. Sérðu einhverja möguleika þarna fyrir Listahátíð?

Vigdís: Þetta er einmitt eitt af því sem við erum búin að taka tíma í að skoða undanfarna mánuði. Við höfum unnið að stefnumótun fyrir hátíðina í samráði við vettvanginn, í samstarfi við KPMG og sérfræðinga þar. Ég get upplýst það hér að við erum helst að vinna með tvö áhersluatriði í áhorfendastefnu hátíðarinnar. Annars vegar það að ná til fjölbreyttari hóps almennt og hins vegar er sérstök áhersla á erlenda ferðamenn. Þar sem hátíðin er svo fjölbreytt og þverfagleg er ólíklegt að hundruð eða þúsundir fari að skipuleggja sérstakar ferðir á hátíðina líkt og gerist t.d. með Iceland Airwaves og fleiri tónlistarhátíðir. Hins vegar eigum við góða möguleika á að ná til ferðamanna sem eru komnir til landsins eða eru að skipuleggja ferðalag sitt til Íslands; ferðamenn

sem eru menningarlega sinnaðir og langar að sjá íslenska menningu eða einhverja gæðamenningu á meðan þeir eru staddir á landinu. Eitt af því sem við getum gert til þess að ná því markmiði er að kynna dagskrá hátíðarinnar miklu fyrir en áður. Sérstaklega valda stærri viðburði sem við getum gert sýnilega og jafnvel sett í sölu að hausti. Þegar fólk skipuleggur ferðir sínar og ákveður ferðadagsetningar geti það þannig strax sett stefnuna á Listahátíð.

Hlynur: Þannig að það er mikilvægt að birta dagskrána snemma vegna þess að við vitum að þessir menningartengdu ferðamenn gera yfirleytt langtímaáætlanir?

Vigdís: Já, einmitt. Þess vegna er eitt af markmiðum okkar að fara í samstarf við ferðaþjónustuaðila og þá sem skipuleggja ferðir, að þessum upplýsingum sé miðlað þar.

Hlynur: Já, við vitum að ef menn ætla að hámarka arðsemi ferðaþjónustunnar þá er sú menningartengda yfirleitt sú öflugusta.

Vigdís: Ég var einmitt í samtali við stjórnanda listastofnunar hér á landi um daginn og það er hennar skoðun að við séum bara rétt að byrja að fleyta ofan af þessu, að það sé hægt að sækja svo miklu meira þarna.

Hlynur: Sem gefur möguleika á miklu meiri tekjum og stærri verkefnum?

Vigdís: Já, væntanlega. Þetta getur verið dýrmætur stuðningur fyrir menningarstofnanir okkar. Það er auðvitað hægt að segja að íslenskar menningarstofnanir eigi fyrst og fremst að sinna þeim sem hér hafa fasta búsetu og það er gilt sjónarmið. En málið er að við erum líka að koma íslenskri menningu og íslenskum listamönnum á framfæri í gegnum þessar hátíðir. Iceland Airwaves

„Í samþykktum hátíðarinnar er beinlínis sagt að hún eigi að bjóða upp á viðburði í allra hæsta gæðaflokki. En ég vil (og nú er maður kannski að fara yfir á hættusvið) varpa upp spurningunni um það hvað gæði séu í raun og veru.“

margsannar það – og margar fleiri hátíðir. Það sem margir útlendingar vilja helst sjá þegar þeir koma eru þrátt fyrir allt íslensku viðburðirnir.

Hlynur: En í framhaldi af því: á undanförunum áratugum var trúlega mest lagt í menningarhátíð á Íslandi þegar Reykjavík var menningarborg Evrópu árið 2000. Þar voru stór og mikil verkefni kynnt þar sem margar listgreinar komu oft saman. Hátíðin var á þeim tíma álitin mjög gott kynningarátak fyrir íslenska menningu, auk þess sem hugmyndin var sú að setja Reykjavík á kortið fyrir menningartengda ferðamenn. Eftir hátíðina, eins og gerist gjarnan eftir svona hátíðir, var verulega dregið úr fjármagni í framleiðslu listviðburða. Í raun má segja að við höfum aldrei síðan náð sama slagkrafti aftur á menningarsviðinu. Það má því spyrja hvort þetta nýja form á Listahátíð komi til með að ná einhverjum þessháttar markmiðum?

Vigdís: Það væri náttúrulega bara ótrúlega fallett og gott ef að það gæti gerst, en það voru hinsvegar slíkar upphæðir í Menningarborginni 2000 að það er ekkert sambærilegt. Þessi slagkraftur sem þú talar um kom með peningum, það er ekkert launungarmál. Með góðri skipulagningu auðvitað og samlegðaráhrifunum af þessu samstillta átaki. Ég tel að íslenskt menningarlíf sé ennþá að uppskera

eftir þetta menningarár. Ég held að það sé vel hægt að líta til reynslunnar þar og rýna í hvað það var sem best gekk upp. Í dag þurfum við líka að líta til þess besta sem er verið að gera erlendis í hátíðahaldi. Ég skoðaði nýlega bæklinginn frá alþjóðlegu hátíðinni í Manchester, þar sem allir viðburðir hátíðarinnar eru frumsköpun. Þar var á sínum tíma tekin sú djarfa ákvörðun að allt á hátíðinni er heimsfrumsýnt. Þar var veðjað á nýsköpun og að framleiða alla viðburði frá grunni. Þau panta verk frá listafólki sem þau telja að geti skapað eitthvað sem hefur gildi fyrir borgina og íbúa hennar. Auðvitað krefst þetta fjármagns langt umfram það sem við getum leyft okkur hér, en það er áhugavert að skoða módelið og taka úr því hugmyndir sem hægt væri að aðlaga að stærð og umfangi Listahátíðar. FlexN danssýningin sem kom á Listahátíð í Reykjavík í fyrra var dæmi um verkefni sem varð til á Manchester hátíðinni. Hip hop danssýning þar sem dansarar frá Manchester unnu með dönsurum frá New York.

Hlynur: Þetta eru frábærar hugmyndir um heildarskipulag hátíðarinnar, finnst mér. En nú langar mig til að leiða talið að þætti myndlistar á Listahátíð. Í sögu hátíðarinnar eru nokkur tilvik þar sem myndlistin hefur skipað meginseð á hátíðinni. Í þeim tilvikum hefur skipulagið verið þannig að starf í kringum myndlistina

hefur verið sérstaklega skipulagt og fókuserað. Árið 2005 var fenginn breskur sýningarstjóri frá Tate-safninu í London, Jessica Morgan, til þess að stýra metnaðarfullri alþjóðlegri myndlistardagskrá Listahátíðar, þar sem ekki var mikið svigrúm fyrir íslenska frumsköpun. Árið 2012, við allt aðrar aðstæður, var sænski sýningarstjórinn Jonathan Habib Enquist fenginn til þess að skipuleggja viðburði. Hann tengdi hátíðina mjög mikið við sjálfsprottna listsköpun og grasrótarstarf í myndlist með öflugri tengingu við frumsköpun bæði á Íslandi og á Norðurlöndum. Sú hátíð var mikið minni í sniðum og minna fjármagn að baki. Síðan sjáum við að þegar Hanna Styrmisdóttir tók við árið 2013 hlaut myndlistin sérstakan sess í upphafi, sennilega af því að myndlistin var hennar sérsvið. Í þessum þremur tilvikum virkaði það vel að vissir kjarnaaðilar voru fengnir til þess að halda utan um skipulagið í stað þess að raða bara saman myndlistardagskrá úr því sem söfnin og galleriín höfðu upp á að bjóða. Er það að skipuleggja þátttöku myndlistar í hátíðinni í líkingu við þessi dæmi eitthvað sem gæti komið til greina hjá þér núna í endurskipulagi Listahátíðar?

Vigdís: Svona umræða hefur komið upp í stefnumótunartíðunni. Það sem flækir málið þínulítið er að hátíðin skuli vera annað hvert ár, þannig að ef þú tekur eina listgrein



Frá opnun sýningar *Berlinde de Bruyckere* í Listasafni Íslands á Listahátíð 2016. Ljósmynd Valgarð Gíslason.

fyrir sérstaklega í einu þá verður hringekjan ansi löng. Ég held að það þurfi frekar að leggja áherslu á að vera í góðu samtali við vettvang hvernar listgreinar, til dæmis við vettvang myndlistar, og sjá hvar hátíðin getur haft mest áhrif. Hvað getur Listahátíð komið með sem hristir upp í og hreyfir við? Mér finnst ég þurfi að vera þar, ég þarf alltaf að hugsa: Hvað getur Listahátíð gert fyrir viðkomandi listgrein, segjum myndlistina í þessu tilvik, sem aðrir geta ekki gert? Í gegnum tíðina hefur hátíðin verið í miklu samstarfi og samtali við listasöfnin og þessa stóru aðila myndlistar í landinu. Það skiptir máli. Það er mikilvægt að spyrja á þeim vettvangi hvað Listahátíð gæti gert til þess að hvetja til óvæntra tenginga og óvænts samstarfs. Hverju gæti hátíðin bætt við til þess að dýpka eða stækka einhverja hluti sem eru kannski þegar í gangi? Ég tel að við verðum að hugsa þetta á þeim forsendum fyrir allar listgreinarnar. Þessi vettvangur, Listahátíð í Reykjavík, er svo ótrúlega sérstakur vegna þess að allar listgreinar eru undir. Það er spennandi að skoða hvar listgreinarnar geta mögulega mæst á einhvern óvæntan hátt þannig að hátíðin verði einhverskonar hverfill breytinga eða framþróunar hugmynda. Þar langar mig að vera í staðinn fyrir að hólfa hátíðina af og segja: Nú er myndlistarfokus, nú er tónlistarfokus. Ég geng jafnvel svo

langt að segja að það sé að einhverju leyti úrelt hugsun. Ég vil frekar vera laus við of miklar girðingar á milli og gefa pláss til að láta hlutina rekast á eða blandast saman, ekki endilega alltaf innan hvers viðburðar heldur líka í óvæntu samspili eða speglun í heildarsamhenginu.

Hlynur: Það gæti verið áhugavert ef svona hugmyndir yrðu í raun andlit hátíðarinnar ef að það væri möguleiki. Í þessu samhengi minnst ég verkefni sem var áberandi á Menningarborgarárinu og hét Óvæntir bólfélagar, þar sem tónlistarmenn og virtir myndlistarmenn sem þekktust ekki voru fengnir til að vinna saman. Þar urðu til mörg spennandi verkefni.

Vigdís: Margir hafa nefnt einmitt þetta verkefni við mig í stefnumótunarsvinnunni og ég verð að hlusta á það. Þetta er greinilega verkefni sem fólki fannst gefa af sér eitthvað nýtt og spennandi. Og þetta kallast mjög vel á við mínar hugmyndir almennt. Það eru gerðar miklar kröfur um gæði til Listahátíðar. Í samþykktum hátíðarinnar er beinlínis sagt að hún eigi að bjóða upp á viðburði í allra hæsta gæðaflokki. En ég vil (og nú er maður kannski að fara yfir á hættusvið) varpa upp spurningunni um það hvað gæði séu í raun og veru. Ég fór á áhugaverðan fyrirlestur hjá prófessor í Birmingham í fyrrasumar, um gæði í listum. Hann vill í raun

ekki nota orðið gæði, eða enska orðið *quality*; hann vill tala um *density* — þéttni — viðburðanna, hver er þéttin? Hugtakið þéttni getur í þessu tilvik náð yfir fagurfræði en líka pólitísk eða samfélagsleg áhrif, heimspekilegar víddir eða áhrif listaverks, til dæmis á afmarkaðan hóp. Hugmyndin um gæði er orðin svo gildishlaðin. Gæðaviðburður er eitthvað stórt sem verður helst að hafa farið á ákveðnar stórar hátíðir sem gefa einhvern „gæðastimpil“, þetta verða líka helst að vera stór og þekkt nöfn. *Density* spannar fleira. Í kringum *Óvænta bólfélaga*, svo við komum aftur að því, myndaðist einhver þéttni við þessar óvæntu tengingar. Þær eru ekkert sérstaklega stórar og próduktíð sjálft er ekki endilega fyrirferðarmikið heldur, en það getur samt haft þessa þéttni sem svo jafnvel springur út í einhverju öðru á allt öðrum vettvangi, fyrir listamennina sem tóku þátt, fyrir áhorfendurna sem sóttu viðburðinn. Þegar listaverk varpar upp nýjum spurningum, sýnir okkur eitthvað í nýju eða óvæntu ljósi, segir okkur eitthvað um okkur sjálf, snertir okkur á einhvern hátt eða ögrar, þá hefur það þéttni. Samhengið skiptir líka miklu máli. Listahátíð í Reykjavík er íslensk listahátíð þótt hún sé alþjóðleg og verkefnaval þarf að miðast við hvað á möguleika á því að hreyfa við okkur hér - í dag.

„Ég vil frekar vera laus við of miklar girðingar á milli og gefa pláss til að láta hlutina rekast á eða blandast saman, ekki endilega alltaf innan hvers viðburðar heldur líka í óvæntu samspili eða speglun í heildarsamhenginu.“

Hlynur: Já, það hljómar mjög spennandi. Gæði eru alltaf vandasamt hugtak, þau eru svo menningarlega hlaðin í sjálfu sér. Þéttni hljómar betur upp á að búa til einhvern neista í kringum hlutina. Þarftu ekki einmitt að opna fyrir tilraunamennsku og taka áhættu í sambandi við hverja þú tekur inn til að auka þéttina? Þarftu ekki að taka áhættu með því að velja inn einhverja sem gætu verið spennandi en ekki endilega búnir að skapa sér sess, í bland við þá sem eru búnir að skapa sér sess?

Vigdís: Jú. Maður þarf líka að finna eitthvað jafnvægi í þessum hugmyndum. Það þurfa alltaf að vera til staðar viðburðir sem við vitum að standa undir væntingum, sem enginn annar getur komið með til landsins og eru sannarlega dæmi um afburða list í hæsta gæðaflokki. Hitt þarf svo líka að fá að lifa með í blöndunni til að mynda óvæntar tengingar sem geta skapað afburða list og þéttni. Án áhættu er þetta varla þess virði.

Hlynur: Já, og ég held að það væri jákvæður punktur fyrir Listahátíð að vinna með þessar forsendur. Er ekki málið að aukning á því sem þú kallar

þéttni gæti verið öflug innspýting fyrir alla list á Íslandi? Gæti svona áhersla ef til vill komið okkur upp úr vissum skotgröfum sem við föllum stundum í?

Vigdís: Þetta er spurning um samtali, sem er atriði sem ég vil leggja mikla áherslu á í sambandi við skipulag hátíðarinnar, að eiga í virku samtali. Það tengist einmitt hugmyndum mínum um þema hátíðarinnar, sem mér finnst mikilvægt og sem við eigum eftir að ræða betur. Ég hef núna verið ráðin til að skipuleggja tvær hátíðir, 2018 og 2020, og er búin að taka ákvörðun um grunnþemu hvorrar hátíðar fyrir sig. Þetta eru þemu sem kallast á og tengjast. Ég bæði hef og mun kalla eftir samtali við vettvang lista um þau. Grunnhugmyndin að þemanu fyrir 2018 er „heima“. Þemað fyrir 2020 er síðan „heimurinn“. Ég kem til með að boða á næstunni til vinnufundar um þetta með fulltrúaráði Listahátíðar í Reykjavík, sem eru fulltrúar allra helstu menningarstofnana og fagfélaga listafólks í landinu. Þar komum við til með að vinna nánar með þema Listahátíðar 2018. Vinnufundurinn mun byggja á því að eiga í samtali um möguleikann á óvæntum tengingum,

hvar við getum mögulega byggt eitthvað nýtt út frá þessu þema eða unnið saman á einhvern nýjan hátt milli stofnana, hvernig stofnanir af ólíkum sviðum geta unnið saman að verkefnum sem hverfast jafnvel um grunnþemað.

Þemað fyrir hátíðina 2018, *heima*, skiptist eins og er í þrjár áherslur. Seinna getur vel verið að það breytist og þróist. Það kemur til með að byggja á verkefnavalinu, hvernig allt lítur út þegar það fer að púslast saman. Þemað á líka eftir að skýrast á samráðsfundum með fulltrúaráðinu og í frekara samráði sem ég vil eiga við vettvanginn. En núna sé ég þetta fyrir mér sem þrískipt þema sem er alltaf að þroskast, og þéttast! Þrískiptingin felur í sér, í fyrsta lagi, hugmyndina um „heima“ í tilfinningalegum, listrænum og heimspekilegum skilningi. Þetta er opinn skilningur á því hvað það er að eiga heima einhvers staðar. Þetta á til dæmis við um það þegar listamaður telur sig eiga heima í ákveðnu listformi, í ákveðinni tegund samstarfs, í ákveðnum stíl eða í ákveðnu hvað-sem-það-nú-er. Hér erum við líka að vinna með „heima



La Fura Dels Baus, frá Listahátíð 2011.

þar sem hjartað er“, þessa tengingu sem er okkur öllum svo mikilvæg. Í öðru lagi erum við að vinna með „heima“ í pólitískum skilningi. Það er augljósa tengingin nú til dags og það er líklega í raun og veru þaðan sem hugmyndin kemur fyrst. „Heima“ í þessum skilningi fjallar um hvað gerist með auknu flæði fólks um Jörðina, þar sem pólitíska hugmyndin um lönd og landamæri er komin á hreyfingu og í raun orðin síkvik. Hvað gerist þegar þér finnst þú ekki eiga heima í landinu þínu lengur og hvar áttu þá heima? Í þetta hölf finnst mér líka passa hvernig hugmyndin um „heima“ er að breytast með tilkomu internetsins, þegar við erum farin að hverfa æ meira inn í þennan sýndarheim þar sem margir eiga meginhluta samskipta sinna. Hvar á fólk heima sem samsamar sig best með einhverjum samfélögum á netinu frekar en í „kjötheimum“, eins og einhver sagði? Hnattræn hlýnun og það sem við erum að gera við heimili okkar, Jörðina, fellur kannski líka í þetta box. Í þriðja lagi komum við til með að vinna með „heima“ í sögulegum skilningi. Þar skiptir máli að hugmynd okkar um hvað er heima byggir einnig á hugmyndum forfeðra

okkar um hvað heima þýðir. Þetta tengist því líka einfaldlega hvað hús eða heimili er. Við sjáum hús fyrir okkur þegar við heyrum orðið heima, en hús er bara uppfinning mannsins, það byggir á einhverju sögulegu. Þessi þriðja nálgun tengist að auki fullveldisafmælinu á næsta ári. Þá eru hundrað ár frá því að Ísland varð fullvalda ríki og við fengum raunverulega heimastjórn. Það eru mörg lög í þessum hugmyndum um „heima“. Þessi lög eiga eftir að slípast og sum munu hverfa þegar verkefnavalið fer, eins og ég segi, að þúslast saman. Mér finnst gott að halda þessu vel opnu svona í upphafi og geta svo frekar slípað það til.

Hlynur: Þetta hljómar spennandi. Þannig að þú ert að virkja fólk með þér í umræðu um heima-hugtakið. Komið þið síðan til með að ræða heims-hugtakið í framhaldinu?

Vigdís: Ég ætla líka að tala um það á sama tíma, ræða hugmyndirnar fyrir Listahátíð 2020. Það er náttúrulega komið styttra í hugsun en samt eru ákveðin lög komin þar líka. Í framhaldi af samráði við fulltrúaráðið ætla ég að setja út opið kall eftir

hugmyndum. Í því þarf ekki endilega að felast að þú þurfir að sækja um verkefni til að taka þátt. Ég vil frekar hafa kallið opnara þannig að fólk geti í raun og veru bætt við hugmyndirnar sem þessi minni fundur fulltrúaráðs kemur með. Ég vil gefa vettvanginum öllum, vettvangi listafólks í heild, kost á að varpa einhverju inn í þessa umræðu.

Hlynur: Hvernig kemur sú umræða til með að eiga sér stað? Í netmiðlum?

Vigdís: Já og þá sérstaklega í gegnum fagfélögin. Ég held að það sé besti farvegurinn.

Hlynur: Til þess að fá inn hugmyndir, til þess að fá svona grasrótarvinnu inn í á meðan verkefnið er á vinnslustigi?

Vigdís: Ég vil að sem flestar raddir heyrast í þeirri umræðu. Það getur ekki annað en eitthvað óvænt og skemmtilegt komið út úr því að vinna með vettvangi listamanna á eins lýðræðislegan hátt og maður ræður við.

Svona verður framtíðin, hvernig komumst við þangað?

Jóna Hlíf Halldórsdóttir



Framlagssamningurinn er kominn til að vera. Hvernig ætlum við að innleiða hann og sjá til þess að listasöfnin fái aukafjárveitingu til að geta greitt eftir samningnum? Hérna er teikning af því hvernig hægt er að innleiða samninginn í fjórum skrefum.

#1 Framtíðin er nær en við höldum. Út frá upplýsingum frá Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafninu á Akureyri, Listasafni Árnesinga, Listasafni Reykjanesbæjar, Hafnarborg og Gerðarsafni, er ljóst að kostnaður vegna launa til listamanna eykst árið 2017 miðað við síðasta ár. Óskað var eftir upplýsingum frá söfnunum um hver kostnaður yrði ef farið væri eftir Framlagssamningnum miðað við sýningardagskrá 2017, auk upplýsinga um hvað áætlað er að greiða listamönnum sem sýna á árinu. Upplýsingarnar eru birtar

sundurliðaðar miðað við þóknun, vinnuframlag og listamannasþjall. Fram kom að áætlað er að greiða samtals kr. 12.038.400. á árinu, sem yrði rúmlega 25% hækkun milli ára. Slíkar breytingar eru jákvæðar og skref í rétta átt. Þessar upplýsingar fela líka í sér að framtíðin er mun nær en við höldum. Listasöfnin á Íslandi eru nú þegar tiltölulega nálægt því að geta fjármagnað greiðslur til listamanna samkvæmt Framlagssamningnum. Ef miðað er við árið 2017 þarf einungis 25 milljónir króna samanlagt frá sveitarfélögunum og ríki til

að greiða myndlistarmönnum í samræmi við Framlagssamninginn. Það myndi breyta starfsumhverfi myndlistarmanna til samræmis við nágrannalöndin. Ef launakostnaður safnanna hækkar áfram með sama hætti milli ára, yrðu greiddar þóknar frá söfnunum í samræmi við Framlagssamninginn eftir fimm ár. Við verðum að trúa því að það sé hægt að reka smiðshöggð og ná þessum breytingum í gegn. Allt bendir til þess að þessar breytingar geti orðið að veruleika í náinni framtíð.

#2 Framlagssjóður jafnar útgjöld safna. Framtíðin felst í því að greiðslur fyrir opinbert sýningarhald komi úr opinberum, miðlægum sjóði með aðkomu ríkis og sveitarfélaga. Þar sem þóknarir vegna sýninga eru mjög ólíkar á milli ára hjá hverju safni fyrir sig, er flókið fyrir söfnin að reikna út og áætla þóknanakostnað fyrir hvert starfsár. Kostnaðurinn

er breytilegur fyrir hvert safn fyrir sig, og til að jafna stöðu þeirra er heppilegast að miðlægur sjóður fjármagni þennan breytilega kostnað safnanna. Þannig jafnast þóknarir sem útgjaldaliður í rekstraráætlunum safnanna. SÍM hefur óskað eftir því í samstarfi við BÍL að ríkið stofni sérstakan þóknunarsjóð myndlistarmanna með sjálfstæðri

úthlutunarnefnd. Sjóðurinn þyrfti að hafa vissa grunnupphæð í stofnfé, til að mynda um 100 milljónir króna á ári, fjármagnað af ríki og sveitarfélögunum að hluta. Á hverju ári myndu listasöfn sem rekin eru alfarið eða að stórum hluta fyrir opinbert fé, sækja fé til sjóðsins til að greiða þóknarir fyrir störf myndlistarmanna.

#3 Framtíðin kemur ekki af sjálfu sér. Ef listasöfn á Íslandi myndu nú þegar greiða listamönnum eftir Framlagssamningnum á árinu 2017 væri heildarkostnaðurinn við það kr. 38.342.500. Til að hægt sé að komast þangað, þurfa listasöfnin að fara að biðja um aukid fjármagn við gerð rekstraráætlana fyrir hvert starfsár. Jafnframt þurfa söfnin að gera ráð fyrir því að kostnaður

vegna launa til listamanna sé liður sem muni vaxa á næstu árum. Nýlistasafnið var eina listasafnið sem bað um aukafjárveitingu á síðasta ári, til þess að greiða myndlistarmönnum eftir Framlagssamningnum miðað við sýningardagskrá 2017. Hafnarborg bað um aukafjárveitingu til þess að greiða myndlistarmönnum og fékk eina milljón króna. Það eru vonbrigði að ekki hafi fleiri

söfn beðið um aukafjárveitingu til þess að greiða myndlistarmönnum eftir Framlagssamningnum. Framtíðin kemur ekki af sjálfu sér; myndlistarmenn, söfn og stjórnvöld þurfa að vinna saman að breytingunum. Söfnin þurfa að biðja um og gera ráð fyrir að fá aukid fjármagn til þess að greiða eftir Framlagssamningnum. Því ef við spyrjum ekki, þá er svarið alltaf nei.

#4 Þorum að óska eftir að greitt sé eftir Framlagssamningnum. Til þess að allt gangi eftir og framtíðin verði að veruleika þá þurfa myndlistarmenn og allir sem koma að starfsumhverfi þeirra að standa saman. Myndlistarmenn sem fá boð um að sýna í söfnum sem rekin eru af opinberum aðilum, ríki og sveitarfélögum, þurfa að standa með sjálfum sér. Þeir þurfa að þora að biðja um að greitt verði eftir Framlagssamningnum vegna

sýningarhaldsins. Ef það gengur ekki eftir þurfa þeir að þora að spyrja: hvers vegna ekki? Frá því SÍM hóf herferðina „Við borgum myndlistarmönnum“, virðist sem málaflokknum um greiðslur þóknana til listamanna hafi verið gefinn meiri gaumur og greiðslur vegna þóknana hafa vissulega aukist milli ára. Við erum samt ekki komin þangað sem við ætlum. Því meiri pressu sem við setjum á okkur sjálf, listasöfnin og eigendur þeirra, því styttri tíma tekur

að komast þangað. Það er ekkert að því að semja um kaup og kjör og óska eftir að fá laun fyrir sína vinnu. Það þarf kjark til að standa með sjálfum sér og við höfum nóg af honum nú þegar. Við notum hann á hverjum degi í okkar störfum. Nú þurfum við að nýta hann til að semja um kaup og kjör. Og svo þurfum við að nýta hann til að standa saman í gegnum þessar breytingar.

Áætlaður kostnaður við Framlagssamninginn miðaður við sýningar- dagskrá 2017



Töflurnar sýna áætlaðan kostnað safnana og hvað þau áætla að greiða til listamanna árið 2017. Listasafn Íslands er eina safnið sem má ekki sækja um í opinbera sjóði eins og Myndlistarsjóð.

	Fjöldi listamanna	Þóknun	Vinnuframlag	Listamannaspjall	Fyrirlestrar	Samtals
Listasafn Reykjavíkur	24	6.608.000	3.172.000	552.000		10.332.000
Listasafnið á Akureyri	52	3.056.000	808.000	240.000	140.000	4.244.000
Listasafn Árnesinga	9	1.616.000	1.653.000	216.000		3.485.000
Hafnarborg	8	2.200.000	1.267.500	168.000		3.635.500
Gerðarsafn	22	1.948.000	3.276.000	864.000		6.088.000
Nýlistasafnið	23	1.464.000	2.080.000	182.000		3.726.000
Listasafn Reykjanesbæjar	24	984.000	2.080.000	576.000		3.640.000
Listasafn Íslands	3	1.872.000	1.248.000	72.000		3.192.000
Samtals kostnaður						38.342.500

	2016	2017	2017	2017
	Greitt í þóknun, vinnuframlag og listamannaspjall	Áætlað að greiða í þóknun, vinnuframlag og listamannaspjall	Áætlun skv. Framlagssamningi*	Aukafjárveiting til að greiða skv. framlagssamningi**
Listasafn Reykjavíkur	2.648.405	3.400.000	10.332.000	6.932.000
Listasafnið á Akureyri	1.290.000	1.300.000	4.244.000	2.944.000
Listasafn Árnesinga	740.000	1.215.400	3.485.000	2.269.600
Hafnarborg	836.000	1.792.000	3.635.500	1.843.500
Gerðarsafn	1.930.000	1.828.000	6.088.000	4.260.000
Nýlistasafnið	1.275.386	1.688.000	3.726.000	2.038.000
Listasafn Reykjanesbæjar	-	-	3.640.000	3.640.000
Listasafn Íslands	718.000	815.000	3.192.000	2.377.000
Samtals	9.437.791	12.038.400	38.342.500	26.304.100

*Áætlaður heildarkostnaður í þóknun, vinnuframlag og listamannaspjall samkvæmt Framlagssamningnum miðað við sýningardagskrá 2017

** Aukafjárveiting sem söfnin þurfa til þess að greiða eftir Framlagssamningnum miðað við sýningardagskrá 2017

Ólafur Elíasson í Marshallhúsinu

Ástríður Magnúsdóttir

Þann 19. mars opnaði Ólafur Elíasson vinnustofu í Marshallhúsinu, nýrri miðstöð menningar og lista á Granda. Vinnuaðstaðan verður að hluta til opin almenningi. Þar geta gestir séð nokkur af fyrri verkum Ólafs og einnig nýrri verk, svo sem skúlptúra, innsetningar og málverk. Í fréttatilkynningu frá ið segir að verkunum sé ætlað að opna möguleika fyrir áhorfandann til að rannsaka ólíkar upplifanir, hreyfingu, rýmiskennnd og rúmfræðilega uppbyggingu. Það var fjölmennt á opnuninni og húsið virðist ætla að verða vinsæll viðskomustaður fyrir erlenda ferðamenn eins og Íslendinga sem vilja víða að sér því nýjasta sem um er að vera í samtímalist á Íslandi. STARA sló á þráðinn til Ólafs í Berlín eftir opnunina og spurði hann nokkurra spurninga.

Hvaða þýðingu hefur það fyrir þig, Ólafur, að vera með vinnuaðstöðu og sýningarrými á Íslandi, þ.e. í Marshallhúsinu úti á Granda?

Mér finnst eins og ég hafi alltaf haft vinnuaðstöðu á Íslandi, þar sem Ísland hefur á margvíslegan hátt verið mér innblástur. Það breytir því ekki miklu

fyrir mig að fá áþreifanlega vinnustofu hér, því ég hef árum saman haft huglæga vinnuaðstöðu á Íslandi.

Þú hefur talað um að Ísland sé þér uppspretta hugmynda og mikill innblástur. Það má sjá margvíslegar hliðar náttúrunnar endurspeglast í verkum þínum. Ætlarðu að dvelja meira á Íslandi, nú þegar þú ert kominn með vinnustofu í Reykjavík?

